



Háskólinn  
á Akureyri  
University  
of Akureyri

# Sjálfsprottinn leikur í manngerðu- og náttúrulegu umhverfi

Með áherslu á grunnþáttinn sjálfbærni

Sigríður Ólafsdóttir  
Telma Björk Gunnarsdóttir

Kennaradeild  
Hug- og félagsvísindasvið  
Háskólinn á Akureyri  
2024



# Sjálfspröttinn leikur í manngerðu- og náttúrulegu umhverfi

Með áherslu á grunnþáttinn sjálfbærni

Sigríður Ólafsdóttir  
Telma Björk Gunnarsdóttir

12 eininga lokaverkefni [á leikskólakjörsviði]  
sem er hluti af  
Baccalaureus Educationis-prófi í félagsvísindum

Leiðsögukenari  
Svava Björg Mörk

Kennaradeild (*Leikskólakjörsvið*)  
Hug- og félagsvísindasvið  
Háskólinn á Akureyri  
Akureyri, maí 2024

Titill: Sjálfspröttinn leikur í manngerðu- og náttúrulegu umhverfi  
Stuttur titill: Með áherslu á grunnþáttinn sjálfbærni  
12 eininga bakkalárprófsverkefni sem er hluti af Baccalaureus Educationis-prófi í  
félagsvísindum.

Höfundarréttur © 2024 Sigríður Ólafsdóttir og Telma Björk Gunnarsdóttir  
Öll réttindi áskilin

Kennaradeild  
Hug- og félagsvísindasvið  
Háskólinn á Akureyri  
Sólborg, Norðurlóð 2  
600 Akureyri

Sími: 460 8000

Skráningarupplýsingar:  
Sigríður Ólafsdóttir og Telma Björk Gunnarsdóttir, 2024, bakkalárprófsverkefni,  
Kennaradeild, hug- og félagsvísindasvið, Háskólinn á Akureyri, 64 bls.

Akureyri, maí, 2024

# Ágrip

Ritgerð þessi er 12 ECTS eininga lokaverkefni okkar til B.Ed. gráðu í leikskólakennarafræðum við Háskólann á Akureyri. Markmið okkar var að skoða hvernig sjálfsprottinn leikur birtist í náttúrulegu umhverfi og hvort það sé munur milli leiksins í manngerðu- og náttúrulegu umhverfi. Sömuleiðis var áhersla lögð á grunnþáttinn sjálfbærni. Eigindleg rannsóknaraðferð var notuð og tekin voru viðtöl við fjóra deildarstjóra í leikskólum. Spurningar snérust meðal annars um sjálfbærni, sjálfsprottinn leik almennt og í manngerðu- og náttúrulegu umhverfi. Í rannsókn okkar voru flestir viðmælendur sem fannst sjálfsprottinn leikur barna njóta sín betur í náttúrulegu umhverfi en manngerðu og að leikurinn þar væri dýpri og frjásari. Sömuleiðis kom í ljós að lítið virðist vera unnið með sjálfbærni í leikskólum þeirra en við teljum mikilvægt að vekja athygli á þessum grunnþætti.

# Abstract

This essay is our final project for 12 ECTS credits in our Baccalaureus Educationis degree program in Preschool Teacher Education at the University of Akureyri. Our goal was to examine how spontaneous play appears in natural environments and whether there is a difference between spontaneous play in man-made and natural environments. Additionally, we emphasized the fundamental aspect of sustainability. We conducted qualitative research and interviewed four department heads in Preschools. The questions revolved around sustainability, spontaneous play in general, and its occurrence in both natural and man-made environments. In our study, most respondents felt that children enjoy spontaneous play more in natural environments, where play is deeper and freer. Furthermore, there seems to be less awareness of how to incorporate sustainability practices in preschools, which we consider an essential factor to highlight.

*Við viljum tileinka þessa ritgerð fjölskyldum okkar sem hafa staðið við bakið á okkur í gegnum námið og veitt okkur ómetanlegan stuðning. Jóhönnu Sveinbjörgu Traustadóttur fyrir andlegan stuðning og aðstoð við skrif á þessari ritgerð.*

*Að lokum þökkum við hver annarri fyrir þá tilviljanakenndu ákvörðun að hafa byrjað á sama tíma í þessu námi og þá ómetanlegu vináttu sem hefur skapast í kjölfarið.*





# Formáli

Sjálfsprottinn leikur er höfundum hugleikinn og höfum við haft ánægju af því skoða hann, sérstaklega í manngerðu- og náttúrulegu umhverfi. Höfundar þessarar ritgerðar eru báðir starfandi í leikskóla og sköpuðust umræður um grunnþáttinn sjálfbærni, viðhorfa til hans innan leikskólans og sjálfsprotna leiksins í manngerðu- og náttúrulegu umhverfi. Vangaveltur sköpuðust um mögulegan skort á náttúrulegu umhverfi í og við leikskóla og hvaða umhverfisþættir, manngerðir eða náttúrulegur, gætu haft á þroska og nám barna. Viðtöl við deildarstjóra voru gagnleg og margt áhugavert kom þar fram tengt sjálfbærni og sjálfsprottnum leik.

Við þökkum Svövu Björg Mörk leiðsögukenndara okkar fyrir stuðning í gegnum ferlið og góðar ábendingar. Þakkið fá einnig viðmælendur rannsóknarinnar sem gáfu sér tíma til að hitta okkur og svara spurningum. Síðast en ekki síst þökkum við prófarkalesara okkar, Jóhönnu Sveinbjörgu Traustadóttur, fyrir yfirlestur, góðar ábendingar og stuðning í gegnum ritgerðarskrifin.

# Efnisyfirlit

<b>1</b>	<b>Inngangur</b> .....	<b>1</b>
<b>2</b>	<b>Fræðilegur kafli um námsumhverfi í leikskólum</b> .....	<b>5</b>
2.1	Námsumhverfi leikskóla.....	5
2.1.1	Kennarar og starfsfólk leikskóla .....	6
2.1.2	Leikskólalóðin .....	7
2.1.3	Útikennsla í náttúrulegu umhverfi .....	8
2.2	Grunnþættirnir í leikskólanum.....	9
2.2.1	Grunnþátturinn sjálfbærni í leikskóla.....	10
<b>3</b>	<b>Fræðilegur kafli um leikinn</b> .....	<b>13</b>
3.1	Kenningar fræðimanna um leik og nám barna .....	13
3.2	Leikur barna og leikgerðir .....	16
3.3	Sjálfsprottinn leikur.....	18
3.3.1	Sjálfsprottinn leikur í manngerðu umhverfi .....	19
3.3.2	Sjálfsprottinn leikur í náttúrulegu umhverfi.....	20
<b>4</b>	<b>Aðferðarfræði</b> .....	<b>22</b>
4.1	Rannsóknaraðferð .....	22
4.2	Viðmælendur .....	23
<b>5</b>	<b>Niðurstöður</b> .....	<b>24</b>
5.1	Grunnþættir menntunar í leikskólum .....	24
5.2	Sjálfbærni í leikskólum .....	26
5.3	Sjálfbærni og sjálfsprottinn leikur .....	27
5.4	Sjálfsprottinn leikur í manngerðu- og náttúrulegu umhverfi .....	28
5.5	Þekking, færni og stuðningur ásamt meiri áherslu á sjálfbærni.....	29
5.6	Samantekt.....	30
<b>6</b>	<b>Umræður</b> .....	<b>33</b>
6.1	Grunnþættir menntunar í leikskólum .....	33
6.2	Sjálfbærni í leikskólum .....	35
6.3	Sjálfbærni og sjálfsprottinn leikur .....	36
6.4	Sjálfsprottinn leikur í manngerðu- og náttúrulegu umhverfi .....	37
6.5	Þekking, færni og stuðningur ásamt meiri áherslu á sjálfbærni.....	38
6.6	Samantekt.....	38

7	Lokaorð .....	43
	Heimildaskrá .....	46
	Viðaukar.....	50



# 1 Inngangur

Hugmyndin um að börn leiki sér úti í náttúrunni er ekki ný af nálinni því hana má rekja allt aftur til daga Aristótelesar og Platóns og hafa fræðimenn síðari áratuga lagt áherslu á að veita börnum tækifæri til að vera í náttúrunni (Yildirim og Akamca, 2017, bls. 1). Þýski fræðimaðurinn Friedrich Froebel (1782–1852) setti árið 1837 á laggirnar skóla, þann fyrsta sinnar tegundar fyrir börn og kallaði hann skólann *garð fyrir börn* (e. Kindergarden) eða eins og við þekkjum í dag sem leikskóla. Hann sá fyrir sér að börn fengju þar menntun og reynslu í nánnum tengslum við náttúruna, umhverfið og eðli heimsins (Curtis, 2024).

Á tæpum 130 árum hafa orðið umskipti í fræðslu og skólamállum á Íslandi. Samfélag nútímans hefur breyst og má segja að markviss almenningsfræðsla, menntun og uppbygging á öllum sviðum þjóðfélagsins sé forsenda þess. Á árum áður var hvorki mikilvægi leiksins né áhersla á hann eins mikil og í dag hjá þeim aðilum sjá um uppeldi barna. Eftir að Fóstruskóli Íslands tók til starfa árið 1973 var áhersla á að starfandi leikskólakennarar, áður fóstrur, ynnu á dagvistarheimilum landsins og var leikur kjarni skólastarfsins. Þess má þó geta að sjálfsprotni (frjálsi) leikurinn vék á síðari árum fyrir skipulagi og beinni fræðslu. Á síðustu árum hefur þó orðið vakning um mikilvægi sjálfsprotna leiksins í leikskólastarfi og er hann undirstaða í öllu starfi í leikskólum á Íslandi í dag (Valborg Sigurðardóttir, 1998, bls. 117, 134; Jónas Pálsson, 2013, bls. 12).

Á Íslandi eins og í mörgum öðrum löndum, byggist skipulag leikskóla í grunninn á opinberri stefnumótun stjórnvalda. Þeirra sýn er sú að börn eru þátttakendur í samfélagi sem einkennist af lýðræði með áherslu á virkni þeirra og þátttöku sem hluta af leikskólasamfélagi. Jafnframt er leikskólastarf ein meginnámsleið barna þar sem stuðningur kennara og starfsfólks veitir þeim leiðir til skapandi hugsunar og skilnings á eigin námi. Hlutverk kennara er að styðja við leik barna á þann hátt að þau fái tækifæri til þess að nýta sér skapandi aðferðir í leik, þróað og fundið lausnir á vandamálum sem upp koma í samvinnu við aðra. Kennurum ber jafnframt að skapa þannig aðstæður í leikskólanum, sem stuðla að frumkvæði barna og sjálfstæði þeirra í

ákvarðanatöku og virkni. Með því móti ætti að skapast rými fyrir leik og nám barna sem í senn eru félags- og efnahagslegs eðlis (Kristín Karlsdóttir og Sara M. Ólafsdóttir, 2022, bls. 190–191).

Góð leið til að þekkja umhverfi sitt er að átta sig á hver munurinn er á manngerðu- og náttúrulegu umhverfi. Það er ekki auðgert því oft eru náttúruleg svæði í umhverfi okkar manngerð að einhverju leiti. Einföld skýring er sú að manngert umhverfi er það sem mennirnir hafi jafnan haft mikil áhrif á. Þar er búið að skipuleggja hvar á að byggja fyrir skjóli, hvar lífverur eiga að búa, hverjar þær eru og hvar ósnerta náttúru má finna. Leikskólalóðir eru til dæmis svæði sem flokkast mikið manngerð. Hönnum leikskólalóða tekur alla jafnan langan tíma þar sem margir aðilar koma að, svo sem hönnuðir og sveitarfélög.

Náttúrulegt umhverfi telst hins vegar það sem ekki hefur verið skipulagt í þaula, þó svo það sé að einhverjum hluta manngert, eins og afmörkun svæðis og gróðursetning trjáa. Gróður á náttúrulegum svæðum hefur ekki neitt ákveðið hlutverk, það er að segja ekki markvisst gróðursett fyrir skjóli eða afmörkun svæðis. Þar eiga lífverur sinn tilverurétt, áhrif mannsins eru lítil og fjölbreytnin í umhverfinu gerir það spennandi. Mikilvægt er að hanna svæði sem ýtir undir hreyfingu barna og þroska þeirra. Bæði manngert- og náttúrulegt umhverfi hafa upp á eitthvað jákvætt að bjóða en spurningin er hvort annað þeirra hafi eitthvað mikilvægara sem hitt hefur ekki (Kristín Norðdahl, 2005). Það er börnum eðlislægt að tjá sig í gegnum leik. Leikurinn er þeirra afþreying og gleði þar sem þau geta byggt upp sinn eigin heim í gegnum sjálfsprottinn leik. Rými og flæði í leik auk óbeinna afskipta kennara gefa leiknum tækifæri til að þróast og dafna (Kristín Dýrfjörð, 2013).

Höfundar ritgerðarinnar eru báðir starfandi í leikskóla og þeim hugleikið náttúrulegt umhverfi og sjálfsprottinn leikur barna. Umræður sköpuðust um mögulegan skort á náttúrulegu umhverfi í og við leikskóla og hvaða umhverfisþættir, manngerðir eða náttúrulegur, gætu haft á þroska og nám barna. Markmiðið með ritgerðinni var að kanna hvernig unnið er með grunnþáttinn sjálfbærni í leikskólum og hvort munur sé á sjálfsprottna leiknum (frjálsi leikurinn) í manngerðu- og náttúrulegu umhverfi. Viðtöl voru tekin við deildarstjóra í leikskóla til að fá betri innsýn um hugmyndir þeirra og reynslu, varðandi grunnþáttinn sjálfbærni og sýn þeirra á sjálfsprottna leikinn í náttúrulegu umhverfi.

Ritgerðin er í sjö eftirfarandi köflum. Í fyrsta kafla er inngangur ritgerðarinnar þar sem sagt er frá innihaldi verkefnisins.

Í kafla 2 er fjallað um námsumhverfi leikskóla, kennara og starfsfólk, leikskólalóðina og útikennslu í náttúrulegu umhverfi. Grunnþættirnir í leikskólanum eru sömuleiðis í kafla 2 með áherslu á sjálfbærniþáttinn.

Kafla 3 fjallar um leikinn og fræðin á bak við hann. Fræðimennirnir John Dewey, Lev Vygotsky og Jean Piaget eru skoðaðir. Þeir hafa sett fram kenningar og gert rannsóknir um leik og nám barna ásamt almennum leik barna og leikgerðum. Fjallað er um sjálfsprottinn leik barna, áherslu á hann í leikskólum og hvernig leikurinn birtist í manngerðu- og náttúrulegu umhverfi.

Í 4 kafla er sagt frá aðferðarfræði, rannsóknaraðferð og viðmælendur rannsóknarinnar kynntir.

Í kafla 5 eru niðurstöður rannsóknarinnar í sex hlutum. Þeir skiptast í, grunnþætti menntunar í leikskóla, sjálfbærni í leikskóla, sjálfbærni og sjálfsprottinn leikur, sjálfsprottinn leikur í manngerðu- og náttúrulegu umhverfi og þekking, færni og stuðningur auk áherslu á sjálfbærni. Lokakaflinn er samantekt á niðurstöðum.

Sjötti kaflinn fjallar um umræður út frá niðurstöðum þar sem sérstaklega eru skoðaðir grunnþættir menntunar, sjálfbærni í leikskólum og sjálfsprottinn leikur í manngerðu- og náttúrulegu umhverfi.

Sjöundi og síðasti kaflinn eru lokaorð þar sem tekin eru saman efni ritgerðarinnar og rannsóknarspurningunni er svarað.





## 2 Fræðilegur kafli um námsumhverfi í leikskólum

Menntun snýst um að auka hæfni hvers einstaklings þar sem hann uppgötvar hæfileika sína og færni til að takast á við margbreytilegar áskoranir í daglegu lífi. Skólar og skólakerfi eru almennt séð stór hluti daglegs lífs okkar og því eðlilegt að aðalnámskrá leikskóla leggi upp með grunnþætti menntunar sem aðaláherslu. Þeir tengja við þekkingu og færni sem nýtist daglegu lífi. Menntun byggist á námi sem tengist menningu okkar, umhverfi og samfélagi en þessir þrír þættir eru meginstoðir sjálfbærni (Aðalnámskrá leikskóla, 2011, bls. 10).

Í þessum kafla verður fjallað um námsumhverfi leikskóla, lög og reglugerðir sem gefa sýn á það með hvaða hætti skólar starfa. Fjallað verður um hlutverk kennara og starfsfólk í leikskólum og hvaða mikilvæga hlutverki þeir gegna við menntun yngstu barnanna í skólakerfinu. Í framhaldi af umfjöllun um leikskólalóðina verður skoðað hvernig útikennsla getur stutt við fjölbreytta kennsluhætti og býður upp á tilbreytingu fyrir börn að leika í náttúrulegu umhverfi. Grunnþátturinn sjálfbærni snýr að menntun um samfélag, efnahag og umhverfi. Sjálfbærniþátturinn verður sérstaklega skoðaður út frá umhverfislegum sjónarmiðum og birtingarmynd hans í kennslu í náttúrulegu umhverfi.

### 2.1 Námsumhverfi leikskóla

Fyrstu lög um leikskóla nr. 48/1991 voru sett á Íslandi og þóttu tímamót í uppbyggingu leikskólakerfisins hér á landi. Lögnum var þó aðallega beint að innra starfi leikskólans en í kjölfarið var farið að nota orðið „leikskóli“ yfir þær stofnanir sem undir lögin féllu. Árið 1994 var leikskólinn formlega felldur inn í skólakerfið með lögum nr. 78/1994 og skilgreindur sem fyrsta skólastigið þar sem faglært starfsfólk leikskólans eru kallaðir leikskólakennarar (Jón Torfi Jónasson, 2013, bls. 256).

Árið 2008 komu fram ný lög um leikskóla nr. 90/2008 þar sem lögð var áhersla á velferð og hag barna, þeim tryggt öruggar aðstæður til menntunar og stuðlað að hvetjandi og skapandi

uppeldisumhverfi. Í 6. kafla í lögum um leikskóla er fjallað um aðalnámskrá leikskóla sem fékk gildistöku árið 2011. Aðalnámskrá leikskóla er leiðarvísir fyrir leikskólastarf og er ígildi reglugerðar. Með henni er ætlað að samræma menntun, uppeldi og umönnun leikskólabarna að því marki að þeim sé tryggður jafn réttur. Námskráin byggir á sex grunnþáttum menntunar sem eru læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun (Aðalnámskrá leikskóla, 2011, bls. 6, 10; lög um leikskóla, nr. 90/2008).

Hlutverk aðalnámskrár er margþætt þar sem menntastefna stjórnvalda, námsframboð og námskröfur birtast skólum og starfsfólki þeirra. Aðalnámskráin er ætluð þeim sem koma að skólastarfi á einn eða annan hátt hvort sem um ræðir stjórnvöld, stjórnendur, kennara, nemendur eða foreldra. Segja má að aðalnámskráin sé samningur þjóðarinnar við sjálfan sig um menntamál (Aðalnámskrá leikskóla, 2011, bls. 7).

Leikskólar auk annara skólastiga eru menntastofnanir og er starf þeirra skilgreint með löggjöf um menntun. Skólastigin mynda samfellu í skólakerfinu sem tryggir að menntun frá leikskóla til háskóla starfi með heildstæðum hætti. Meginhlutverk leikskóla er að stuðla að almennri menntun, virkri þátttöku í lýðræðissamfélagi þar sem rækt er lögð við námsumhverfi og jákvæð og ábyrg samskipti nemenda og kennara (Aðalnámskrá leikskóla, 2011, bls. 8).

Í 14. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008 kemur fram að leikskólar skuli gefa út sína eigin skólanámskrá sem felur í sér uppeldis- og námsáætlun. Skólanámskráin er nánari útfærsla á aðalnámskrá leikskóla. Markmið skólans og stefna eru sett fram og leiðir að þeim markmiðum. Námskráin tekur mið af sérstöðu leikskólans, áherslum og skólastefnu viðkomandi sveitarfélags. Skólanámskráin skal reglulega endurskoðuð og skal börnum veitt tækifæri til þess að taka þátt í gerð hennar.

### 2.1.1 Kennarar og starfsfólk leikskóla

Kennarar gegna mikilvægu hlutverki í öllu skólastarfi og koma að kennslu, stjórnun, uppeldi, ráðgjöf, rannsóknum og þróunarstörfum. Starfið sem fram fer í skólakerfinu byggir því fyrst og síðast á kennurum sem eru áhugasamir og vel menntaðir fagstétt (Aðalnámskrá leikskóla, 2011, bls. 8).

Fagmennska í leikskóla er nauðsynleg og mikilvægt að horfa til barnanna, menntun þeirra og velferðar. Allt starfsfólk skal vinna af alúð og samviskusemi, sýna kurteisni, virðingu og

nærgætni þegar átt er í samskiptum við börn, foreldra og samstarfsfólk. Hafa skal velferð og farsæld barna í fyrirrúmi, mikilvægt er að horfa til barnanna ef ekki er verið að mæta þörfum þeirra og bregðast við á skilvirkan hátt. Leikskólinn er félags- og menningarlegur vettvangur og á hann að veita börnum hvetjandi uppeldisumhverfi, stuðla að öryggi þeirra og vellíðan. Vinna þarf með börn út frá styrkleikum þeirra og gera þær kröfur að öll börn njóti sín sem best miðað við þroska og þarfir hvers og eins. Leikskóli á að efla samvinnu milli foreldra, starfsfólks og barna og hvetja til samstarfs (Lög um leikskóla nr. 90/2008; Aðalnámskrá leikskóla, 2011, bls. 8, 24).

Hlutverk deildarstjóra í leikskólum er mikið og ábyrgðarfullt hlutverk. Deildarstjóri á að starfa eftir aðalnámskrá leikskóla og fara eftir lögum og reglugerð um leikskóla. Hann ber ábyrgð á stjórnun og skipulagningu, ásamt því að miðla upplýsingum og sjá um daglega verkstjórn á deildinni. Mikilvægt er að tryggja að hvert og eitt barn fái kennslu og leiðsögn við hæfi og henni sé viðhaldið. Foreldrasamvinna er stór hluti af starfi deildarstjóra og mikilvægt að leggja áherslu á það samstarf. Það þarf að skipuleggja foreldrasamtöl, aðlögun, miðla upplýsingum og halda foreldrum upplýstum um hvernig barninu gangi í leikskólanum (Kennarasamband Íslands, e.d.).

### 2.1.2 Leikskólalóðin

Útivera barna á Íslandi hefur löngum verið mikils metin og er lögð rík áhersla á að hún sé að jafnaði einn til tveir tímar á dag í leikskólum. Það má vekja til umhugsunar að í lögum um leikskóla nr. 90/2008 er ekkert minnst á útiumhverfi. Ekki virðast vera skýrar reglur um útisvæði leikskóla þegar samtímis er lögð áhersla á að útiumhverfi sé hluti af námsumhverfi barna í skólanámskrám. Skólahúsnæði eru skilmerkilega skilgreind en ekki er fjallað um leikskólalóðina á sama hátt (Kristín Norðdahl, 2016, bls. 14).

Í reglugerð sem rekja má til ársins 1977 var þögn um hversu stórar leikskólalóðir ættu að vera. Sú reglugerð var tekin í burtu í reglugerð um starfsumhverfi leikskóla nr. 655/2009. Í stað hennar kom ákvæði um að lágmarksaðstaða í leikskólum teljist „afmörkuð og skipulögð skólalóð með áherslu á sem mesta fjölbreytni í leik- og námsaðstöðu með tilliti til mismunandi aldurshópa og þarfa, þar með talið þarfa fatlaðra barna“. Eftir að sú ákvörðun var tekin að fjarlægja ákvæði um lágmarksstærð leikskólalóða má velta fyrir sér hvort sveitarfélög hafi freistast til þess að spara sér fé með því að minnka leikskólalóðir. Sú ákvörðun gæti auk þess haft neikvæð áhrif á nám og reynslu barna sem nýta leikskólalóðina (Kristín Norðdahl, 2016, bls.

14; Reglugerð um starfsumhverfi leikskóla nr. 655/2009; Reglugerð um dagvistarheimili fyrir börn nr. 149/1977).

Sveitarfélög bera ábyrgð á starfsemi leikskóla og að grunnþjónustu barna sé sinnt á meðan á dvöl þeirra stendur í leikskólanum. Þau skulu sjá til þess að öllum þáttum skólastarfsins sé sinnt, aðbúnaður sé viðeigandi, tekin út af fagaðilum og undir eftirliti. Þetta á við um til dæmis húsnæði og búnað leikskóla (lög um leikskóla nr. 90/2008). Húsnæði og umhverfi leikskóla auk nærumhverfis skapar það námsumhverfi sem á sér stað utandyra. Umhverfið er ekki síður mikilvægur þáttur í námi barna og þarf því leiksvæði, hönnun þess, nýting og skipulag að taka mið af ólíkum hópi barna sem nýtir sér svæðið. Huga þarf bæði að fagurfræðilegum þáttum sem og notagildi, öryggi og markmiðum leikskólastarfsins. Námsumhverfið þarf að henta fjölbreyttum hópi barna og starfsfólks, geta tekið breytingum og þróast með tilliti til þeirra sem nýta sér svæðið. Börn og foreldrar, ásamt öðru starfsfólki eiga einnig að geta haft áhrif á skipulagningu námsumhverfisins (Aðalnámskrá leikskóla, 2011, bls. 28).

Fjölbreytileiki í landslagi á leikskólalóð, gróður, jarðvegur, leiktæki og annar efniviður er mikilvægt námsrými og ætti að einkenna leikskólalóðir. Með því að veita börnum aðgengi að þannig námsumhverfi skapast hvati barna til leiks, að rannsaka, hreyfa sig og tjá sig á mismunandi hátt (Aðalnámskrá leikskóla, 2011, bls. 28).

### 2.1.3 Útikennsla í náttúrulegu umhverfi

Þegar fjallað er um útiveru þýðir það einfaldlega að vera utandyra í daglegu tali, hvort sem það er heima fyrir eða í leikskólanum. Nám barna getur átt sér stað í útiveru þó það sé ekki skipulagt. Mörg hugtök eru tengd útinámi og er misjafnt hvernig þau eru skilgreind. Á Íslandi fer útikennsla yfirleitt fram þannig að hluti hennar er færður út í nærumhverfið eða utan skólastofunnar (Inga Lovísa Andreassen og Auður Pálsdóttir, 2014, bls. 18).

Útikennsla vísar til náms eða kennslu sem fer fram utan veggja skólans og kennari hefur skipulagt. Með útinámi er átt við námsefni sem börn öðlast þekkingu á utan veggja skólans en það getur t.d. verið í náttúrunni eða á söfnum. Útikennsla getur verið skipulögð fyrir fram en það er ekki nauðsynlegt því að börn læra jafnaði eitthvað nýtt einfaldlega vegna þess að þau uppgötva það sjálf en ekki í gegnum skipulagða kennslu. Grenndarkennsla er oft tengd útikennslu og getur hún farið fram inni í skólastofu. Uppistaðan er að tengja nám og kennslu

utandyra eða hugmyndir fengnar úr náttúrunni og nýttar til kennslu í hvaða námsgrein sem er (Inga Lovísa Andreassen og Auður Pálsdóttir, 2014, bls. 15–16).

Útikennsla styður við fjölbreytta kennsluhætti og tilbreytingu fyrir börn að fara út af skólalóð. Markmið með útikennslu eru svipuð þeim áherslum sem finna má í aðalnámskrá með áherslu á alhliða þroska barna og grunnþáttarins sjálfbærni. Umhverfi og umhverfismennt er hluti af grunnþættinum sjálfbærni en hvergi er sérstaklega fjallað um útikennslu eða útinám í aðalnámskrá leikskóla. Ef leikskólar héraendis eru skoðaðir má sjá að margir hverjir hafa tileinkað sér útikennslu sem hluta af námi í gegnum leik í leikskólum, er oft hluti af skólanámskrá og dagskipulagi (Aðalnámskrá leikskóla, 2011, bls. 13–14; Inga Lovísa Andreassen og Auður Pálsdóttir, 2014, bls. 24).

Kennarar meta alla jafna náttúrulegt umhverfi mikils og telja það bjóða upp á margvísleg tækifæri fyrir þroska og nám barna en í námskrám kemur fram að útiumhverfið sé talið gagnlegt þó ekki sé sérstaklega fjallað um það í lögum eða reglugerðum. Í rannsókn Kristínar Norðdahl um hlutverk útiumhverfi í námi barna kemur fram að sambærilegar rannsóknir og hennar sem gerðar hafa verið í leikskólum á Norðurlöndum benda til þess að útivera er mikils metin. Þessi jákvæðu viðhorf til útináms eru áhugaverð því á sama tíma hafa margir hverjir áhyggjur af því að börn hafi misst tengsl við náttúruna og að þau hafi síður tækifæri til þess að kanna náttúruna á síðustu áratugum (Kristín Norðdahl, 2016, bls. 3, 9–10).

## 2.2 Grunnþættirnir í leikskólanum

Grunnþættir menntunar sem eru sjálfbærni, lýðræði og mannréttindi, heilbrigði og velferð, læsi, jafnrétti og sköpun. Þeir eru sjálfstæðir þættir sem fléttast saman við daglegt leikskólastarf. Grunnþættirnir ættu að stuðla að hvata hjá börnum til sjálfsprottna leiksins með því að samþætta til að mynda sköpun, sjálfbærni og læsi í einum leik. Taka þarf mið af fjölbreytileika barnahópsins hverju sinni, trú á þau og efla sjálfstæði þeirra því „leikskólastarf á að stuðla að því að börn séu leiðtogar í eigin lífi“. Leikurinn á að vera aðalatriðið meirihluta dagsins þar sem hvert barn nýtir styrkleika sína. Þau efla tengslamyndun, ímyndunaraflið fær að njóta sín þar sem þau skapa og búa til hlutverk (Menntamálastofnun, e.d.-b; Menntamálastofnun, e.d.-c).

Öll önnur löggjöf sem fjallar um menntun og fræðslu í skólakerfinu, auk laga um jafnan rétt kynjanna, er byggð á grunnþáttum menntunar. Stuðst er við stefnu stjórnvalda í ýmsum málaflokkum og má þar nefna rit um Velferð til framtíðar, þar sem áherslur í stefnu um sjálfbæra þróun má finna. Ísland er aðili að alþjóðlegum samningum eins og barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna þar sem meðal annars er fjallað um rétt barns um aðgengi að menntun og markmiðum menntunar svo dæmi sé nefnt. Á sama hátt má fjalla um stefnu UNESCO um almenna menntun, sjálfbæra þróun og stefnumörkun Evrópuráðs um lýðræði og mannréttindi. Í grunnþáttum menntunar er áhersla lögð á hugmyndir um fagmennsku kennara og þróunarstarf í leikskólum (Aðalnámskrá leikskóla, 2011, bls. 10; Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna, e.d.; UNESCO, e.d.).

Grunnþættirnir eru byggðir á hugmyndum um að lýðræði geti ekki verið virkt án læsis allra þátta samfélagsins og samskiptakerfis þess. Einnig byggja þeir á að lýðræði virki eingöngu þegar jafnframt er stuðlað að jafnrétti milli einstaklinga og hópa í samfélaginu. Ekki er hægt að tryggja mannréttindi nema að stuðlað sé að heilbrigði og velferð hvers og eins (Aðalnámskrá leikskóla, 2011, bls. 11).

### 2.2.1 Grunnþátturinn sjálfbærni í leikskóla

Sjálfbær þróun nær aftur til níunda áratugarins og kom fyrst fram undir þeim formerkjum sem við þekkjum í dag. Skýrslan *Sameiginleg framtíð okkar* (e. Our common future), þar sem fyrrum forsætisráðherra Noregs, Gro Harlem Brundtland, skilgreindi hugtakið „sjálfbær þróun er þróun sem fullnægir þörfum samtíðarinnar án þess að skerða möguleika komandi kynslóða til að fullnægja sínum þörfum“ (Ólafur Páll Jónsson, 2001).

Í grunnþættinum sjálfbærni, miðar menntun að því að börn og ungmenni skilji samfélagið eins og það er, sögu þess og þróun. Börn eru hvött til að takast á við viðfangsefni sem líta að samspili umhverfis, félagslegra þátta og efnahags í þróun samfélags. Að mennta börn til sjálfbærni með umhyggju, stuðningi og fræðslu veitir þeim jákvæða ímynd gagnvart heiminum og gefur þeim hugmynd um sitt eigið sjálf. Þau verði meðvituð um að hvert og eitt þeirra er einstakt, skipti máli og geti haft áhrif á heiminn og umhverfið með hugmyndum sínum (Aðalnámskrá leikskóla, 2011, bls. 12–13; Davis, 2015, bls. 16; Forsætisráðuneytið, 2023, bls. 9).

Umhverfi er allt það sem umlykur okkur og er áhersla lögð á að kennarar og börn þekki, skilji og virði umhverfi sitt. Frá fæðingu vilja börn kanna og skilja umhverfi sitt til dæmis með því að hlusta, snerta, horfa og rannsaka. Leikskólinn á að skapa aðstæður svo börn fái tækifæri til að skoða og átta sig á vistspori sínu, nærsamfélagsins í heild og hvernig þau geti stuðlað að sjálfbærri þróun. Leikskólar stuðla að menntun barna um nýtingu náttúrunnar og skoði lífverur í umhverfinu, lífnaðarhætti þeirra og búsvæði. Börn ættu að fá þjálfun og kennslu um umgengni sína við náttúruna, vera meðvituð um hana og sína virðingu fyrir bæði manngerðu og náttúrulegu umhverfi (Aðalnámskrá leikskóla, 2011, bls. 13, 30–31).

Kennarar ættu að vera meðvitaðir um heillavænlegar aðferðir og leiðir í sjálfbærnikennslu svo þær skili sér í jákvæðri upplifun barna í menntun til sjálfbærni. Hægt er að ræða við börn um heilsuna og hversu mikilvæg hreyfing er fyrir hana ásamt því að borða næringarríkan og hollan mat. Sömuleiðis væri hægt að skoða hvaða neikvæðu þætti í umhverfi og hegðun ber að forðast til að sneiða fram hjá sjúkdómum og streitu. Leggja ætti áherslu á að hver og einn einstaklingur ber ábyrgð á sjálfum sér og hvað sá einstaklingur getur lagt af hendi til þess að stuðla að sjálfbærni sem hefur þannig áhrif á allt samfélagið (Inga Lovísa Andreassen og Auður Pálsdóttir, 2014, bls. 53).

Útikennslan er öflug leið til þess að kenna um sjálfbærni og leiðum að henni því hún býður upp á marga góða kosti til sjálfbærnimenntunar. Hægt er að fara í rannsóknir á náttúru og lífríki nálægt skólalóð, heimsækja fyrirtæki, söfn, skoða moltugerð með matarafgöngum úr mötuneyti skólans og loftslagsmál svo dæmi séu tekin. Margar leiðir eru í boði til að veita börnum innsýn í leiðir til sjálfbærni (Inga Lovísa Andreassen og Auður Pálsdóttir, 2014, bls. 53).

Menntun til sjálfbærni hefur því hlutverki að gegna að virkja þátttöku barna til að takast á við aðkallandi verkefni um sjálfbærni á heimaslóð. Sameinuðu þjóðirnar leggja sérstaka áherslu á að sjálfbærnimenntun tryggji lífsgæði og menningu fólks um allan heim auk þess að finna lausnir að tryggum lífsgæðum án þess að umhverfið beri kostnað af. Viðhorf til umhverfis og náttúru getur snúist um mannhyggju sem lýtur að því að réttur fólks og hagsmunir liggja til grundvallar á nýtingu og verndun umhverfis, náttúru og vistkerfa (Inga Lovísa Andreassen og Auður Pálsdóttir, 2014, bls. 50–51).

Svo virðist sem margir glími við loftslagskvíða sem getur valdið áhyggjum hjá börnum. Þessi hræðsla er eðlileg þegar við upplifum eitthvað sem ógnar okkur. Ef sú staða kemur upp, að börn

upplifa kvíða, er mikilvægt fyrir samfélagið að bregðast við með aðgerðum gegn loftslagsbreytingum og að þær séu sýnilegar. Ef fjallað er um loftslagsbreytingar með uppbyggjandi hætti er mögulega hægt að minnka líkur á kvíða hjá börnum. Sú menntun ætti að snúa að styrkleika og getu barna til að takast á við mótlæti og erfiðleika. Að þjálfa börn til að finna lausnir á vandamálum með uppbyggilegum námsaðferðum, jákvæðum samskiptum og sjálfsmynd, eflir vitsmunaproska þeirra og hjálpar þeim að takast á við þau vandamál sem þau kunna að glíma við í framtíðinni (Davis, 2015, bls. 168; Landvernd, e.d.-a; Landvernd, e.d.-b).



## 3 Fræðilegur kafli um leikinn

Fjöldmargar rannsóknir hafa verið gerðar á leik barna í gegnum árin og áratugin. Rannsóknir hafa verið byggðar á mismunandi kenningum og fræðilegum bakgrunni sem hefur leitt að því að leikur barna hefur verið skilgreindur með fjölbreyttum hætti. Leikurinn hefur verið skoðaður út frá kennslufræðilegum markmiðum, fræðigreinum og sjónarhornum leikskólakennara og barna (Kristín Karlsdóttir og Sara M. Ólafsdóttir, 2022, bls. 192–193).

Leikur á sér margar birtingarmyndir sem kemur bersýnilega fram í leikskólastarfi. Oftar en ekki er birtingarmynd hans sjálfsprottinn leikur en hægt er að skilgreina hann í nokkra flokka (Valborg Sigurðardóttir, 1991, bls. 108–109). Hægt er að tengja leikinn við sjálfbærni á marga vegu en það er mikilvægt að kynna náttúruna snemma fyrir börnum. Umhverfið í kringum þau þarf að vekja forvitni þeirra en rannsóknir hafa sýnt að til þess að börn geti kannað umhverfi sitt þurfa þau samfelldan og langan tíma í einu í leik. Einnig þurfa þau að læra að vera ein í leik, með öðrum, bæði inni og úti. Með því að leyfa börnum að leika í náttúrunni fá þau tækifæri til að kanna, skoða og læra meira um hana, bæði sjálfstætt og með kennurum sínum (Sara Margrét Ólafsdóttir og Svava Björg Mörk, 2024, bls. 20).

Hér verður fjallað um þrjá fræðimenn sem skildu eftir sig kenningar um leikinn og áhrif þeirra á rannsóknir um leik á síðustu árum og áratugum. Margar af þeim kenningum og kennsluaðferðum sem leikskólastarf byggir á í dag koma frá þessum fræðimönnum. Umfjöllun um leik barna og leikgerðir verða skoðaðar með áherslu á sjálfsprottna leikinn. Að lokum verður skoðað hvernig sjálfsprottni leikurinn birtist í manngerðu og náttúrulega umhverfi með áherslu á sjálfbærni.

### 3.1 Kenningar fræðimanna um leik og nám barna

John Dewey (1859–1952) var bandarískur heimspekingur, kennari og fræðimaður. Kenningar og hugmyndafræði hans gætir víða og hafa haft mótandi áhrif á leikskólastarf hér á landi. Skilgreiningar á hugtakinu *reynsla* koma víða við í verkum hans. Taldi Dewey að barnið ætti alltaf

að vera miðpunktur í allri umræðu um menntun og hafa tengingu við samfélagið og börn lærðu mest af því að vera í samskiptum við fólk. Á Íslandi er Dewey þekktastur fyrir áherslu sína á að þekkingarleit sé verklegt ferli (Ólafur Páll Jónsson, 2010, bls. 14; Jóhanna Einarsdóttir, 2010, bls. 57; Inga Lovísa Andreassen og Auður Pálsdóttir, 2014, bls. 92).

Dewey hélt því fram að sá sem öðlist reynslu er sá sem gerir eitthvað eða reynir eitthvað sjálfur og er því virkur eins og orðatiltækið *Að læra af reynslunni* (e. Learning by doing) gefur til kynna. Einstaklingur öðlast reynslu þegar hann lendir í vissum aðstæðum og lærir að takast á við afleiðingar. Dewey taldi en fremur að sá grunnur sem allt nám byggist á sé lífsreynsla einstaklingsins (Dewey, 1933/2000, bls. 247; Jóhanna Einarsdóttir, 2010, bls. 57–61).

Dewey taldi að taka þyrfti mið af reynslu barns þegar það hæfi leikskólagöngu sína og byggja ofan á hana svo reynsluheimur barnsins vikki. Leikurinn er þar í fyrirrúmi því hann taldi ekkert annað viðfangsefni tengja betur við reynslu og menntun barns. Börn tjái reynslu sína í gegnum leik, túlki hana og endurskapi. Heimur barna er oftast en ekki leikskólinn og heimilið og því ekki óeðlilegt að börn yfirfæri atburði sem eiga sér stað innan veggja heimilisins, eins og heimilisverk og aðra vinnu úr reynsluheim sínum, yfir í leikinn (Dewey, 1933/2000, bls. 29, 255–256; Jóhanna Einarsdóttir, 2010, bls. 67).

Ríkur þáttur í skólastarfi Dewey var áhersla á þemaverkefni (e. Projects) því hann taldi að það að vinna að verkefnum, sem vekja áhuga barna, myndi skila sér í þekkingu á þemanu. Sett eru fram fjögur skilyrði fyrir vali á þemaverkefnum en þau þurfa að vekja áhuga eða kveikju, hafa einhverskonar gildi, vekja forvitni og tíma til þess að vinna að verkefninu. Kennarinn ber ábyrgð á að finna verkefni sem hæfa aldri barnanna, kanna, fylgjast með áhuga þeirra og veita þeim hvatningu (Dewey, 1933/2000, bls. 18, 77, 263–264; Jóhanna Einarsdóttir, 2010, bls. 68–70).

Dewey lagði áherslu á að kenna frekar verklegar greinar, utan kennslustofunnar, í stað þess að læra lestur eða stærðfræði. Börn þyrftu að fá tækifæri til að læra sjálf af reynslunni með því að taka þátt í að leysa viðfangsefni. Hann hélt því fram að kennarinn ætti að skipuleggja starfið út frá áhuga barnanna og kveikja þannig áhuga með því að spyrja opinna spurninga sem börnin vildu finna svör við. Dewey lagði áherslu á að börn fengju að læra úti í náttúrunni þar sem þau geta nýtt skynfæri sín. Hann sagði að slík upplifun væri alltaf betri en sýnikennsla, sama hversu góð hún væri. Dewey benti einnig á mikilvægi þess að kennarar legðu fyrir börn ekki einungis

námsefni, heldur einnig reglur samfélagsins og samband þess og náttúrunnar (Dewey, 1933/2000, bls. 15–16; Jóhanna Einarsdóttir, 2010, bls. 64–65, 67–68).

Lev Vygotsky (1896-1934) var sovískur sálfræðingur. Kenningar hans á leik barna hafa helst fjallað um hversu stórt hlutverk leikurinn spilar í þroska og námi barna. Margar hverjar eru grunnur að frekari rannsóknum sem gerðar hafa verið á vitsmunabroska barna. Fleiri sovískir fræðimenn skoðuðu leik barna fyrst og fremst út frá félagslegu- og menningarlegu sjónarhorni og þeir töldu leikinn vera í eðli sínu félagsleg athöfn þar sem barn líkti eftir hegðun hinna fullorðnu. Börn tileinka sér þannig ákveðnar siðareglur og félagslegan veruleika sem einkennir þeirra samfélag. Þannig hafi leikurinn jákvæð áhrif á félagsmótun barnsins og geri það að virkari þjóðfélagsþegn (Newman og Holzman, 1993, bls. 5–6; Valborg Sigurðardóttir, 1992, bls. 53).

Vygotsky taldi, líkt og Piaget, að börn séu forvitin að eðlisfari og taki virkan þátt í eigin námi með því að uppgötva og þróa með sér skilning. Vygotsky lagði áherslu á að samfélagið og sá menningarheimur sem barnið byggir við hefði áhrif á þroska þess, þekkingu og hæfni. Fyrir honum fer allt nám fram í tveimur skrefum, það fyrra tengist samfélaginu sem barnið býr í og það seinna er að eiga samskipti við fólk og sjálf sig. Piaget hélt því fram að hugsun barna þroskast aðallega í samskiptum við aðra, sérstaklega eldri, og að tungumálið væri eitt mikilvægasta mótunarafl í námi hvers og eins. Hann sagði að leikurinn væri leið barna til þess að þroskast og þar sýndu þau sína bestu getu. Ein þekktasta kenning Vygotsky fjallar um *svæði mögulegs þroska* (e. Zone of proximal development). Hann segir það liggja á milli þess svæðis sem barn ræður við án aðstoðar og þess svæðis sem það þarfnast stuðnings til þess að ná vissri færni eða þroska (Rieber og Carton, 1987, bls. 220; Newman og Holzman, 1993, bls. 51, 56–57; Wood, 2013, bls. 73–74; Mcleod, 2024-a).

Vygotsky taldi leikinn vera tilvalinn til þess að útvíkka *svæði mögulegs þroska*. Leikurinn bjóði upp á tækifæri fyrir barnið að prufa sig áfram með fjölbreytta þætti sem veitir því innsýn í hluti og hlutverk sem það færst almennt ekki við í raunveruleikanum. Fyrir læsi barna í framtíðinni er leikurinn einnig mikilvægur, rými skapast jafnan í leiknum sem styður við lestur og læsi auk þess að styrkja málþroska barna. Hlutverkaleikur barna gefur þeim tækifæri til þess að búa til sögur, endursegja og leika liðna atburði, lesa í aðstæður auk þess sem meðvitund þeirra um umhverfið og skilningur á tungumálinu eykst (Rieber og Carton, 1987, bls. 220; Newman og Holzman, 1993, bls. 96–97, 100; Wood, 2013, bls. 73–74; Mcleod, 2024-a).

Jean Piaget (1896–1980) var svissneskur líffræðingur og sálfræðingur sem þekktastur er fyrir rannsóknir sínar á vitsmunabroska og þroskasálfræði. Áhrifa af kenningum hans gætir víða í leikskólum. Með rannsóknum sínum breytti hann sýn fólks á börn, hvernig aðferðum hægt væri að nýta sér til að rannsaka þroska og hegðun þeirra. Piaget var einn af fyrstu sálfræðingunum til að rannsaka kerfisbundið vitsmunabroska barna með athugunum og einföldum prófum til að meta þroska og færni (MacBlain, 2018, bls. 52; Mcleod, 2024-b).

Piaget setti fram kenningu sína um vitsmunabroska sem segir að þroski barna eigi sér stað í nokkrum stigum. Piaget taldi að ekki væri hægt að sleppa stigi úr kenningu sinni um vitsmunabroskann því að hugsun mótaðist af þroska taugakerfisins. Greindarstiggin eru fjögur en þau eru skynhreyfistig (frá fæðingu til tveggja ára aldurs), foraðgerðarstig (tveggja til sjö ára), stig hlutbundinna aðgerða (sjö til ellefu ára) og stig formlegra aðgerða (ellefu til fimmtán ára). Piaget sagði vitsmunabroskann vera ferli sem hefði áhrif á færni barna vegna þess áreitis sem þau verða fyrir af umhverfi og líffræðilegum þroska (Boden, 1979, bls. 23–24; Aldís Unnur Guðmundsdóttir, 2016, bls. 157, 159; Mcleod, 2024-b).

Piaget lagði mikla áherslu á leik barna og að þau fengju að læra í gegnum leikinn. Mikilvægt væri að gefa leiknum góðan og samfelldan tíma, einstaklingsmiðað nám þar sem hvert barn er einstakt. Uppgötvunarnám þar sem nám er nemendamiðað og gagnvirk kennsla á milli annara nemenda og kennara á sér stað (Piaget, 1972, bls. 135–136; Mcleod, 2024-b).

Finna má samhljóm milli Dewey, Vygotsky og Piaget. Þeir eru sammála um hversu mikilvægt er að láta börn læra með því að prófa sig áfram. Nám barna ætti að hafa tengingu við samfélagið og umhverfið sem þau búa í. Hlutverk kennarans er mikilvægt því hann þarf að hafa góða þekkingu á viðfangsefninu til að geta miðlað því áfram til barnanna. Kennarinn þarf auk þess að þekja einstaklinginn og styrkleika hans. Fræðimennirnir tala allir um mikilvægi þess að nám, nærumhverfi og samfélag tengist svo að skólar og samfélög eflist (Inga Lovísa Andreassen og Auður Pálsdóttir, 2014, bls. 100–101; Mcleod, 2024-a; Mcleod, 2024-b).

## 3.2 Leikur barna og leikgerðir

Þó svo margar skilgreiningar megi finna um leikinn er engin ein fullnægjandi. Má segja að það séu ákveðnir þættir sem oftast afmarka og auðkenna leik frá öðrum athöfnum. Leikur er því ánægjulegur og jákvæð upplifun fyrir barn þó hann hafi sín takmörk, án þess að vera hluti af

öðru markmiði. Leikurinn er val, frjáls í eðli sínu, sjálfsprottinn og á allan hug þess barns sem leikur sér. Aðrir þættir sem sammælast má um leikinn er að hann er valinn og búin til af börnum jafnvel þó um þykjustuleik sé að ræða, því börn leika sér í honum eins og um raunveruleikann væri að ræða (Valborg Sigurðardóttir, 1991, bls. 108–109; Wood, 2013, bls. 6–7).

Börn leika sér af fúsum og frjálsum vilja og er leikur órjúfanlegur þáttur í bernsku okkar allra. Leikurinn er flókið ferli sem veitir börnum innsýn, sjálfsþekkingu og skapar færni í samskiptum með öllum þeim tilfinningum sem fylgir því að vera mannlegur og hluti af hóp. Leikurinn hefur í gegnum tíðina verið skoðaður út frá hinum ýmsu sjónarmiðum og fræðum en í dag hefur það færst í vöxt að taka mið af börnunum sjálfum þegar þau segjast vera í leik. Börn sem eru í hlutverki, stjórna leik og nýta efnivið telja sig alla jafna vera í leik (Aðalnámskrá leikskóla, 2011, bls. 27; Sara M. Ólafsdóttir og Jóhanna Einarsdóttir, 2017, bls. 2).

Einkenni leiks hafa verið flokkuð og skilgreind í byggingarleik, regluleik, ærslaleik og hlutverkaleik eða þykjustuleik. *Byggingarleikur* er skapandi og á sér stað þegar börn nota efnivið eins og kubba til þess að skapa einhverskonar byggingu. *Regluleikur* er leikur þar sem reglur eru fyrir fram ákveðnar og börn þurfa að fylgja eftir svo leikurinn gangi upp, til dæmis spil og skipulagðir leikir. *Ærslaleikur* einkennist af líkamstjáningu barna og hreyfingu þar sem þau hnoðast, hlaupa um og detta. *Hlutverkaleikur* eða *þykjustuleikur*, sem jafnan hefur verið talað um sem eitt flóknasta leikformið, einkennist af því að börn fara í hlutverk eða setja sig í spor annarra og skapa með því sinn eigin heim. *Útileikur* er leikgerð þar sem börn leika sér með frjálsan efnivið, til að mynda dekk, strá, steina, spýtur og greinar þar sem virki eru byggð í samvinnu við önnur börn. Þessi leikgerð stuðlar að sveigjanleika, félagslegri þátttöku og sköpun (Wood, 2013, bls. 9, 23–28; Kristín Karlsdóttir og Sara M. Ólafsdóttir, 2022, bls. 195).

Þrátt fyrir að hér á landi hafi leikurinn jafnan verið mikils metin í leikskólastarfi og vísað í hann sem meginnámsleið barna, hafa fagmenn þurft að beita rökum fyrir gildi og mikilvægi leiksins. Viðhorf foreldra og kennara virðist vera í samræmi við stefnumótun aðalnámskrá leikskóla. Þá hefur bóknám aukist í leikskólum sem hluti af undirbúning fyrir grunnskólanám. Hætta er á að með þessum auknum áherslum muni það verða á kostnað þess rýmis sem veitt er til leiks í leikskólum (Kristín Karlsdóttir og Sara M. Ólafsdóttir, 2022, bls. 189).

### 3.3 Sjálfsprottinn leikur

Sjálfsprottinn leikur getur átt sér stað alla ævi en talað eru um *gullaldarskeið* hans hjá börnum á aldrinum 3–6 ára. Í sjálfsprottnum leik geta börn tekið ákvarðanir, notað styrkleika sína og sett áhuga sinn í fyrsta sæti. Leikurinn er mikilvæg námsaðferð þar sem börn eiga að fá tækifæri til þess að efla sköpunargleði sína og sjá hvar hæfileikar þeirra liggja sem einstaklingar. Sett hefur verið út á hugtakið frjáls leikur vegna þess að bent hefur verið á að erfitt sé að hafa leik barna alveg frjálsan. Leikurinn er alltaf háður einhverjum takmörkunum og reglum til dæmis sem leikskólakennarar hafa sett börnunum, efniviðnum sem er í boði og umhverfi. Í daglegu tali er frekar notast við orðin sjálfsprottinn leikur í staðinn fyrir frjáls leiks. Mikilvægt er að börn fái að ráða ferðinni í sjálfsprottnum leik og að leikskólakennarinn sé nálægur til að veita aðgang að efnivið, hafa auga með leiknum og vera til staðar (Kristín Dýrfjörð, 2013; Kristín Karlsdóttir og Sara M. Ólafsdóttir, 2022, bls. 193, 195; Aðalnámskrá leikskóla, 2011, bls. 17).

Oftast eru engin markmið eða athafnir sem þarf að klára fyrir ákveðinn tíma í sjálfsprottnum leik, börn geta hætt þegar þau vilja, tekið sér pásu frá leiknum og byrjað svo aftur hvenær sem hentar. Þau eiga samskipti við hvort annað á meðan á leiknum stendur og mikilvægt er að kennarar séu til staðar fyrir börnin ef á þarf að halda. Sjálfsprottni leikurinn er opinn og því getur barn gert nánast hvað sem því dettur í hug eða eins mikið og ímyndunaraflíð leyfir. Sandkastali þarf til dæmis ekki að vera ferhyrindir turnar heldur geta þeir verið hringlóttir eða stórir haugar, allt eins og barnið kýs (Aussie Childcare Network Team, 2022).

Leikskólakennarar ættu að skrá og ígrunda leik barnanna og skoða tengsl þeirra við bæði önnur börn og fullorðna. Faglegt starf sem tryggir rými í dagskipulagi er ákjósanlegt. Að sýna virðingu er mikilvægt og þeir sem vinna með börnum þurfa að temja sér það. Tala þarf skýrt og fjölbreytt mál við börnin, styðja við þau, efla jákvæð samskipti, spyrja opinna spurninga og hafa frumkvæði af því að virkja öll börn með í leik (Menntamálastofnun, e.d.-a).

Reglur barna í sjálfsprottnum leik eru mikilvægar því þær stjórna leiknum, athöfnum þeirra og annarra. Einnig eru þær notaðar til þess að hefja leikinn, viðhalda honum og segja til um hverjir mega vera með. Fullorðnir taka yfirleitt ekki þátt í að búa til reglurnar nema þeim reglum sem settar eru til að koma í veg fyrir slys. Börnin hafa frumkvæði af leiknum og frelsi til að velja þema hans, hvenær leikurinn hefst og hvenær hann endar. Vinátta og félagsleg tengsl eru mikilvæg og þurfa börn að geta valið sér leikfélaga í leiknum. Börnin skapa sjálf aðstæður og

tengja leikinn bæði við raunveruleikann og ímyndunaraflið. Þau semja hlutverk sem geta oft verið fjölbreytt. Úr raunveruleikanum geta það til dæmis verið mamma eða amma, úr ævintýraheimum til dæmis ofurhetjur og síðan eru hlutverk sem þau skapa sjálf. Börn búa gjarnan til nýjan heim úr þeim sem þau þekkja og skapa ný hlutverk í kringum nýja sögu. Með þessu geta börn farið að tileinka sér ólík sjónarmið og skoða mál frá mörgum hliðum eða hvernig sé best að hafa leikinn (Sara Margrét Ólafsdóttir og Svava Björg Mörk, 2024, bls. 6–12; Aussie Childcare Network Team, 2022).

Sjálfsprottinn leikur eða frjáls leikur er börnum ævintýrlegur. Hann verður til þegar börn fá tækifæri til að skoða umhverfi sitt innan- og utandyra og fá að vera án afskipta frá kennurum sínum. Þau ákveða sjálf um hvað leikurinn snýst og hvernig leikurinn þróast. Sjálfsprottinn leikur hvetur börn til að vilja kanna og umgangast náttúrulegt umhverfi sitt, sérstaklega utandyra. Með því að leyfa börnum að leika sér með mismunandi efni og áferð til dæmis mold, sand, vatn eða gras og sjá hversu hátt þau þora að klifra eða hoppa, hjálpar þeim að þjálfra líkamleg- og tilfinningaleg takmörk sín. Þannig læra börn að þekkja takmörk sín, getu og þol án þess að verða hrædd eða meiða sig (Aussie Childcare Network Team, 2022).

Efniviður í sjálfsprottinum leik er mikilvægur fyrir börn en þau nota hann á fjölbreyttan og skapandi hátt. Hlutir fá nýja merkingu þegar börn ímynda sér að hann sé eitthvað annað en hann er. Börn geta til dæmis notað liti til að búa til dýragarð með því að raða þeim í hring í stað þess að lita með þeim á blað. Í leikskólum er því mikilvægt að hafa úrval af fjölbreyttum efnivið sem styður við leik og sköpun barna (Sara Margrét Ólafsdóttir og Svava Björg Mörk, 2024, bls. 6–12; Aussie Childcare Network Team, 2022).

### 3.3.1 Sjálfsprottinn leikur í manngerðu umhverfi

Leikur jafnt innandyra sem utan er nauðsynlegur fyrir þroska barna. Ætla má að þroski barna eflist ef leiksvæði eru vel skipulögð. Leikvellir eru vel til þess gerðir að skapa góðan leik með efnivið sem sjaldan er hægt að vinna með innandyra. Leikurinn er oft frábrugðin þeim sem fer fram innandyra því úti hafa börn meira frelsi til þess að leika í leikjum sem eru ekki í boði inni. Jafnframt virðist sem svo að leikur utandyra veiti meiri jafningjagrundvöll á milli barnanna. Ástæðan er talin vera meira rými og sveigjanlegri reglur á útisvæði. Umfangsmikil rannsókn sem gerð var á leikskólabörnum í Bandaríkjunum sýndi fram á að útileiksvæði hafði meiri áhrif á

sjálfsprottinn leik en leikur sem fór fram innandyrna. Ástæðan var talin vera meira framboð af náttúrulegum efnivið, rými og vel skipulögðu leiksvæði. Rannsóknir hafa sýnt fram á að börn leika sér öðruvísi úti en inni, samskipti barna er öðruvísi háttað auk þess sem grófhreyfileikur er algengari (Frost o.fl., 2005, bls. 306–307).

Hægt er að þróa hreyfifærni í sjálfsprottum leik ef leikvöllur er vel hannaður. Leikrými í manngerðu umhverfi eins og leikvöllum með góðum leiktækjum, fela í sér tækifæri til hreyfingar sem stuðla að auknu vöðvaþoli barna. Í viðamikilli athugunarrannsókn sem gerð var árið 1994 við Háskólann í Texas í Bandaríkjunum var borin saman hreyfigeta barna sem tóku þátt í skipulögðum íþróttatímum við börn á góðum og vel skipulögðum leikvelli í frjálsum leik. Niðurstaðan var sú að börnin sem voru í frjálsa leiknum höfðu marktækt meiri hreyfifærni í frjálsum leik en þau sem voru í skipulögðum íþróttatímum. Jafnframt er bent á að færni og metnaður kennara getur skapað jafnvægi á milli skipulagðra hreyfistunda og frjálsa leiksins. Þó svo að hægt sé að efla alhliða hreyfifærni með stýrðu námi er á sama tíma þörf fyrir börn að fá tækifæri til að taka þátt í alhliða hreyfingu sem tengjast sjálfsprottum, náttúrulegum leik. Ung börn ættu að fá að vera utandyra, fá rými fyrir hreyfingu og geta tekið þátt í félagslegum leik (Frost o.fl., 2005, bls. 124–125, 307).

Útileikur styður ekki eingöngu við öfluga hreyfifærni heldur líka félagsmótun. Þeir þættir sem geta haft áhrif á tíma barna til útileiks er stíft dagskipulag í leikskóla og neikvæðni starfsfólks í garð útiveru. Kennarar sem hafa jákvætt viðhorf til leiks eru líklegri til að gefa leiktækifæri úti við en þeir sem neikvæðir eru gagnvart útiveru (Frost o.fl., 2005, bls. 159–160).

### 3.3.2 Sjálfsprottinn leikur í náttúrulegu umhverfi

Börn sem fá að vera í náttúrunni og kynnast henni í gegnum leik koma til með að bera virðingu fyrir henni og þykja vænt um náttúruna. Leikskólar eiga að skapa aðstæður fyrir börn til að rannsaka og uppgötva nærumhverfi sitt, því þá gefst þeim tækifæri til að kynnast fjölbreyttum efnivið og mismunandi áferð (Menntamálastofnun, e.d.-b).

Það er mikilvægt að börn fái tækifæri til fjölbreyttrar hreyfingar og útiveru í leikskólanum. Útivera hefur marga kosti og það að vera úti í náttúrunni ýtir undir vitsmunalegan-, tilfinningalegan-, félagslegan- og líkamlegan þroska. Þegar þessir þættir eru skoðaðir eru vitsmunalegu kostirnir þeir að náttúran er opin og við upplifum hana í gegnum sjón, lykt, hljóð



og áferð. Hægt er að sjá endalaust af nýjum tækifærum, læra að leysa úr vandamálum og upplifa nýja hluti. Börn geta upplifað tilfinningar á nýjan hátt utandyra en það getur verið frelsandi að vera úti í náttúrunni og líklegra er að börn prófi nýja hluti. Frelsið er meira úti og í útileikjum eru börnin til dæmis að hoppa, hlaupa og klifra sem eru jafnan góðir leikir til að fá útrás og draga úr spennu eða kvíða. Dæmi eru um að útivera hafi róandi áhrif á börn og eigi auðveldara með að gleyma sér úti. Það eru einnig félagslegir kostir við útiveru því börn eru líklegri til að kynnast nýjum leikfélögum í þeim aðstæðum, finna upp á nýjum leikjum og leikreglum því umhverfið er meira frelsandi. Útivera eykur líkamlega hreyfingu, börn prófa oft nýja hluti, reyna á þolmörk sín auk þess sem G-vítamín (geðheilsa) og D-vítamín upptaka eykst með útiverunni (Af stað, 2018; Aðalnámskrá leikskóla, 2011, bls. 25).

Lengi hafa rannsóknir sýnt fram á ágæti náttúrunnar og jákvæð áhrif hennar á geðheilsu og vellíðan fólks á öllum aldri. Rannsóknir benda til að sú vellíðunartilfinning sem myndast hjá börnum sem leika sér úti í náttúrunni sé sú sama og í endurminningum fullorðinna um leik. Það er áhugavert að spyrja eldra fólk um reynslu þeirra af útiveru. Það á oft margar góðar minningar og reynslusögur af skemmtilegri útiveru frá æskuárum sínum (Inga Lovísa Andreassen og Auður Pálsdóttir, 2014, bls. 13; Davis, 2015, bls. 43–44).

Skandinavískar rannsóknir benda til að börn sem leiki sér í náttúrunni séu heilbrigðari, hafi aukna hreyfigetu, aukið jafnvægi, samhæfingu og meiri sköpunargáfu í leik. Sömuleiðis hafa rannsóknir sýnt fram á aukinn áhuga barna á umhverfismálum og möguleika þeirra til að þróa jákvætt viðhorf til fjölbreyttari umhverfisþátta. Kennarar benda á að jákvæð reynsla í námi og leik í náttúrunni ýti undir vilja barna til að vernda náttúru og umhverfi (Kristín Norðdahl, 2016, bls. 7; Maynard og Waters, 2007, bls. 257–258).

Börn hafa sinn eigin skilning á náttúrunni út frá eigin upplifun og reynslu. Hugmyndir barna um náttúrulegt- og manngert umhverfi mótast oftast oft en ekki frá þeim sem eldri eru. Sum börn hafa rýra tengingu við umhverfi sitt og náttúru. Barn sem vant er að vera í náttúrunni og hefur jákvæða upplifun til hennar tengist betur hugmyndum um sjálfbærni. Sjálfbær framtíð komandi kynslóða felst í því að öðlast dýpri skilning á samspili manns og náttúru (Davis, 2015, bls. 35, 38, 47).

## 4 Aðferðarfræði

Rannsóknin er eigindleg og gerð í þeim tilgangi að kanna hvernig unnið er með grunnþáttinn sjálfbærni í leikskólum og hvort munur sé á sjálfsprottna leiknum í manngerðu- eða náttúrulegu umhverfi. Viðtöl voru tekin við deildarstjóra í leikskóla til að fá betri innsýn um hugmyndir þeirra og reynslu, varðandi grunnþáttinn sjálfbærni og sýn þeirra á sjálfsprottna leikinn í náttúrulegu umhverfi.

Viðtöl voru tekin við fjóra deildarstjóra sem búa yfir mismunandi mikilli starfsreynslu og vinna með börnum á öllum aldri í leikskóla. Þátttakendur voru valdir með það í huga að þeir ynnu á mismunandi leikskólum á deildum með blandaðan aldur barna (1–6 ára) og aldurstengdum deildum (4–6 ára og 2–3 ára). Sömu spurningarnar voru lagðar fyrir alla deildarstjórana og verða niðurstöður viðmælenda kynntar í næstu köflum, þær greindar og túlkaðar.

Tekin voru fjögur viðtöl, þau afrituð og unnið úr niðurstöðum þeirra. Hver spurning var skrifuð upp og svör frá hverjum deildarstjóra fyrir neðan. Þar á eftir voru svörin úr viðtölunum skoðuð, þau borin saman til að sjá sameiginlega þætti, litakóðuð til samanburðar og þemu greind. Vegna persónuverndar verða deildarstjórar ekki nafngreindir heldur notast við bókstafina A, B, C og D til að greina á milli viðmælenda. Spurningalistann var tilbúinn þar sem þetta lokaverkefni er hluti af stærri rannsókn og er hann í viðauka.

Eigindlegar rannsóknir, líkt og þessi, hafa nokkrar gagnasöfnunaraðferðir sem hægt er að nota. Þær helstu eru athuganir, viðtöl, rýnihópar og kannanir. Svörin geta verið í formi texta, mynda, myndbanda eða hljóðs. Þess vegna er mikilvægt að skrifa vandlega upp svör viðmælenda þegar verið er að ígrunda gögnin og taka fram hvernig gagnasöfnunin fór fram (Bhandari, 2020).

### 4.1 Rannsóknaraðferð

Spurningalistinn var fyrir fram tilbúinn og lagður fyrir alla viðmælendur. Viðtölin voru tekin í leikskólum viðmælenda og hljóðrituð. Þessi rannsókn byggist á grunnþættinum sjálfbærni og voru spurningarnar sérstaklega um það viðfangsefni. Spurningar snéru einnig að birtingarmynd sjálfbærni í skólastarfi viðkomandi deildarstjóra. Spurt var um fagmennsku og hvernig unnið

væri með grunnþáttinn á deild hvers deildarstjóra. Að lokum var ein aukaspurning lögð fyrir viðmælendur. Höfundar voru forvitnir um hvort deildarstjórar sæju mun á leik barna í manngerðu- og náttúrulegu umhverfi þar sem það er hluti af rannsóknarspurningu þessa lokaverkefnis.

## 4.2 Viðmælendur

Viðmælendur voru fjórir deildarstjórar. Vonast var eftir fjölbreyttum niðurstöðum til að sjá mögulegan mun á því hvernig unnið er með sjálfbærni milli annars vegar leikskóla og hins vegar aldurs barna. Höfundar höfðu samband við tvo deildarstjóra hvor í viðtöl, mæltum sér mót við þá og fengum samþykkt leyfi til hljóðritunar á viðtali, til að vinna úr síðar.

Deildarstjóri A hefur starfað sem deildarstjóri í fjögur og hálf ár. Aldur barnanna á deildinni eru 4–5 ára börn. Sex stöðugildi eru á deildinni, þrjú sem vinna allan daginn í 100% starfi, einn í 80% starfi sem er í frí einn dag í viku og tveir sem skipta með sér einni 100% stuðningsstöðu.

Deildarstjóri B hefur starfað sem deildarstjóri í 5 ár. Aldur barnanna á deildinni hans eru 1–2 ára börn og fjöldi starfsmanna á deildinni eru fimm þar af eru þrjú í 100% starfi, einn í 100% stuðningsstöðu og einn í 60% starfi.

Deildarstjóri C hefur starfað sem deildarstjóri í um það bil 12 ár. Aldur barnanna á deildinni er 1–6 ára. Stöðugildi eru sex með deildarstjóra og þar af eru fjórir í 100% starfi, einn í 50% og einn í 80%. Inni í þessum prósentum er svo 100% stuðningur.

Deildarstjóri D hefur starfað sem deildarstjóri í meira og minna í 35 ár. Aldur barna á deildinni er 4–6 ára og eru fjögur stöðugildi á deildinni sem skiptist í tvö 100% stöðugildi og tvö í 80% stöðugildi.

Fjölbreyttur aldur barna er á deildunum eða frá 1–6 ára og eru sumar deildir með blandaðan aldur barna á meðan aðrir eru með 1–2 árganga. Misjafnt er hvernig starfshlutföllin eru og áhugavert að sjá hvernig stöðugildin skiptast á deildunum. Fæst stöðugildi eru fjórir starfsmenn á deild en mest sex starfsmenn. Starfshlutföll eru misjöfn milli deilda frá 50% og upp í 100% starf. Allir deildarstjórar eru hins vegar í 100% starfi og áhugavert að sjá mun á starfsaldri deildarstjóranna sem nær frá fjórum og hálfu ári til rúmlega þrjátíu ára starfsreynslu.

## 5 Niðurstöður

Eins og komið hefur fram voru þátttakendur rannsóknarinnar fjórir deildarstjórar sem starfa í leikskóla. Starfsaldur þeirra er misjafn og aldur barna á deildum þeirra fjölbreyttur. Í upphafi viðtalsins fengu allir deildarstjórar spurningu um hverjar áherslur skólans væru.

Deildarstjóri A vinnur í leikskóla þar sem lögð er áhersla á að öllum líði sem best, vináttu milli allra og virðingu. Unnið er markvisst með lífsleikni og málörvun í leikskólanum, hver og ein deild vinnur með námsþættina eins og henni hentar.

Hjá deildarstjóra B er unnið markvisst með vináttu, vellíðan og virðingu. Hver deild fléttar námsefni sem unnið er með í leikskólanum inn í starfið og það er til dæmis Lubbi finnur málbein. Deildarstjóri hvernar deildar útfærir hvernig hentar best að vinna með námsþættina, eftir því hvaða aldur er á hverri deild.

Í leikskólanum hjá deildarstjóra C er unnið með sjálfsprottna leikinn og nám í gegnum hann. Leikskólinn leggur mikla áherslu á sjálfsprottinn leik því börn eiga að fá tækifæri til að rannsaka og prófa svo þau öðlist þekkingu. Blandaður aldur er á deildinni og telur deildarstjóri það vera kost þar sem yngri börnin geta lært af þeim eldri í leik. Leikskólinn er heilsueflandi og er umhverfismennt mjög stór hluti af skólastarfinu. Mikið er unnið með málörvun og stærðfræði í hópastarfi, sérstaklega með 4–5 ára börnum. Reynt er að hafa sköpun á dagskipulagi sem og félagsfærni sem er þjálfuð í gegnum SMT-skólafærni og vináttuverkefni.

Í leikskólanum hjá deildarstjóra D eru engin sérstök einkunnarorð sem unnið er eftir í skólanum en lögð er mikil áhersla á að læra og þroskast í gegnum leikinn. Ákveðin markmið eru hins vegar í skólanámskrá leikskólans og þar er kannski helsta áherslan að gefinn er góður tími fyrir leikinn, reynt að hafa fjölbreyttan efnivið og vinna í litlum hópum. Fjölbreytt viðfangsefni, útivera og hreyfing er stór þáttur af deiginum og hollt mataræði til að tryggja öryggi og vellíðan barnanna. Reglur og rammi er gerður til þess að skapa þetta öryggi.

### 5.1 Grunnþættir menntunar í leikskólum

Rætt var við deildarstjórana hvernig unnið væri með grunnþætti menntunar úr aðalnámskrá leikskóla í skólanum þeirra. Allir fjórir deildarstjórnarnir voru sammála um að grunnþátturinn læsi væri samtvinnað í allt dagskipulag. Deildarstjórar A og B sögðu frá því að bókstafir væru alltaf

sýnilegir á deildum þeirra til dæmis uppi á vegg eða á borðinu við sæti barnanna og sett væru orð á athafnir. Hjá deildarstjórum A, B og D eru bækur hafðar sýnilegar og mikið lesið fyrir börnin. Deildarstjóri B, sem vinnur með 1–2 ára börnum, minntist á hversu mikilvægt væri að efla málþroska á fyrstu árunum. Það er mikið þroskastökk, sérstaklega í málþroska og mikill lærdómur með alls konar áherslum. Deildarstjórar B og D sögðu einnig frá því að lögð væri mikil áhersla á að tala við börnin og efla málþroskann. Leggja áherslu á samtal í öllum aðstæðum hvort sem það er í leiknum, matartímum, fataherberginu eða öðru.

Grunnþáttinn heilbrigði og velferð er unnið markvisst með hjá deildarstjórum A, C og D. Þar er skipulögð hreyfing einu sinni í viku hjá deildarstjóra A til dæmis þrautabrautir, leikir eða æfingar. Deildarstjóri C sagði frá hreyfistund einu sinni í viku hjá skólahópnum. Þar er farið með grunnskólanum í íþróttir í hverri viku allan veturinn. Hjá deildarstjóra D eru íþróttahúsferðir með skipulagðri hreyfingu og mikil útivera.

Sköpun er inni í dagskipulaginu hjá öllum deildarstjórum, ýmist í minni hópum eða deildin saman. Þetta eru til dæmis myndlistaverkefni, verkefni tengd staf vikunnar eða lita á blöð. Deildarstjóri C sagði frá því að börnin væru í myndlist í hópastarfi en einnig fengju þau að fara í myndlistarherbergið ef þau óskuðu eftir því og væru með einhverjar hugmyndir. Sköpun á sér einnig stað með alls konar efnivið til dæmis kubbum. Hann sagði mikilvægt að starfsfólk reyndi eftir bestu getu að koma til móts við hugmyndir barnanna ef það væri mögulegt.

Deildarstjóri D lagði áherslu á jafnrétti. Hann segir lagt mikið upp úr því að allir séu jafnir í leikskólanum sama hvað einstaklingarnir eru stórir, sterkir, hvaða kyn þeir eru eða af hvaða þjóðerni. Hann bætti við að:

Börnin þurfa að læra að leysa úr ágreiningi, sem mér fannst mjög mikilvægt sjálf, taka afstöðu, vera gagnrýnin og læra að hafa áhrif á aðstæður. Ræða þarf um hluti sem okkur finnst skrítnir, tjá sig, hlusta á þau og þau þurfa að læra að bíða og hlusta á aðra. Börn eru jöfn og eiga að vera góð við hvort annað en það þurfa ekki allir að vera vinir eða allir að fá sama hlutinn.

Deildarstjórar A og B minntust ekki á jafnrétti í viðtalinu fyrir utan að grunnþættirnir fléttuðust á einhvern hátt inn í daglegt starf. Deildarstjóri C sagði að allir væru hvattir til að tjá sig í leikskólanum og hlusta á aðra. Þau reyna að vera skóli án aðgreiningar þar sem það er fatlað barn í leikskólanum. Það fær aðgengi og tækifæri til að taka þátt í öllu starfi með hinum börnunum. Einnig eru börn í leikskólanum með íslensku sem annað tungumál og eru þau hvött

til að læra íslensku með því að tala við þau og fá þau til að tala tungumálið svo þau komist inn í samfélagið.

Lýðræði, sögðu deildarstjórar A og C, kemur fram í til dæmis vali barna. Þau fá oft að velja sér leikföng og efnivið sem þau vilja leika með og nota. Jafnframt nefndi deildarstjóri C að börnin fengju stundum val um verkefni eða leik til dæmis úti eða inni. Nefndi hann að börn læra að umgangast hvert annað og virða þroskamun á aldursblandaðri deild.

Deildarstjórnir nefndu lítið hér tengt sjálfbærni annað en að stunda útikennslu, útiveru og læra að bera virðingu fyrir náttúrunni.

## 5.2 Sjálfbærni í leikskólum

Deildarstjórar voru inntir eftir því hvernig unnið væri með sjálfbærni á deildum þeirra. Hjá deildarstjórum A og B virtist sjálfbærnin vera lítil en þó mátti greina að eitthvað væri unnið með hana. Þeir nefndu báðir að ruslið væri flokkað og matarafgangar færu alltaf í sér ílát út af deildinni. Einnig sögðu þeir frá því að nánast allur pappír sem væri notaður fyrir börnin til að vinna með væri endurnýttur. Þau fá hann gefins frá fyrirtækjum og stofnunum í bænum sem nýtist þeim ekki lengur til dæmis umslög, nótur, reikningar og önnur blöð. Deildarstjóri A sagði frá því að börnin nota litla klúta til þess að þurrka munninn og hendur eftir matartíma, þeir eru þvegnir og notaðir aftur. Sömuleiðis bætti deildarstjóri A við:

Það er því miður ekki mikið um grunnþáttinn [sjálfbærni] í dagskipulagi okkar. Það er helst að nefna útiveruna þar sem við reynum að fræða börnin um að fara vel með gróður bæði grasið og tré innan lóðarinnar. Á vorin og sumrin er meira um að farið sé í gönguferðir og náttúran skoðuð og fuglarnir. Til dæmis skógur sem er skammt frá og stundum er farið í fjöruferð.

Deildarstjóri D minntist á að ekki væri unnið mikið með sjálfbærni á deildinni sinni. Starfsmenn flokka rusl en ekki börnin. Farið er í gönguferðir með börnin og leikið úti í náttúrunni, annars birtist sjálfbærnin bara með smá útskýringu í námskránni.

Á deildinni hjá deildarstjóra C var greinilega unnið með sjálfbærni, hann sagði að sjálfbærni væri nátengd útikennslunni en hjá þeim er skipulögð útikennsla fyrir 4–5 ára börn, sama dag í hverri viku, tvo tíma í senn fyrir hádegi. Deildarstjóra fannst gott að hafa fastann tíma í dagskipulagi svo kennslan detti ekki upp fyrir. Deildarstjórinn sagði:

Útinám er mikilvægasta leiðin til að kenna sjálfbærni en markmiðið er að opna augu nemenda fyrir umhverfi sínu og náttúru og hjálpa þeim að uppgötva, skilja og virða. Það er eiginlega leiðin í leikskóla allavega, til að opna augu barnanna fyrir fegurð náttúrunnar.

Deildarstjórinn telur jafnframt mikilvægt að börnum þyki vænt um náttúruna sem þau búa í svo þau tileinki sér lífshætti til að sýna samkennd gagnvart náttúrunni og viðhalda henni.

## 5.3 Sjálfbærni og sjálfsprottinn leikur

Viðmælendur voru spurðir um hvernig þeir tengja grunnþáttinn sjálfbærni við sjálfsprottinn leik í starfi. Deildarstjóri A sagði að þau fengju mikið af leikföngum gefins sem verið er að endurnýta. Hann minntist meðal annars á ónýt lyklaborð, fartölvur og síma sem er ónothæft hjá fyrirtækjum eða heimilum en hægt að nýta í leik. Þegar deildarstjóri B fór að hugsa um þessa spurningu sagðist hann ekki vera alveg viss en minntist á könnunarleik og hvernig hann væri ekki stýrður hjá þeim. Hann sagði að börnin ættu að fá rými til að vinna úr hlutunum sjálf og leyfa þeim að vera nánast afskiptalaus í þessum leik.

Deildarstjóri C minntist aftur á útikennslutímana og að í þeim væri gefinn tími fyrir sjálfsprottinn leik til dæmis inni í skóginum eða á því svæði sem verið er að kenna á hverju sinni. Hann segir að það sé mikill munur á leiknum úti og inni að því leyti að börnin hafa miklu meira rými og öðruvísi efnivið til að leika sér með. Sömu leiðis sagði hann:

... það er alveg mjög gaman að sjá hvernig þessi sjálfsprottni leikur þróast mikið í útiverunni af því að þar er efniviður sem þau fá ekki að vera með inni. Það er svo mikilvægt einmitt að gefa þennan tíma, ekki bara fara í útikennslu til að kenna eitthvað sérstakt, eitthvað ákveðið, heldur líka að hafa þennan tíma í frjálsum leik og af því þau uppgötva svo mikið í frjálsum leik. Að finna lyktina, heyra fuglasönginn og uppgötva á eigin forsendum hvað það er frábært að vera úti í náttúrunni.

Hjá deildarstjóra D var ekki mikið sem hann tengdi við sjálfbærnina en minntist á að þau færu út til dæmis til að týna rusl og flokka það. Hann sagðist vilja nýta leikinn betur í umræður um hvað er verið að leika með til dæmis plast og pappír og nota það sem vettvang til að fræða börnin.

Að lokum sagði deildarstjóri C hvað sér fyndist mikilvægt að gefa börnunum meiri tíma í sjálfsprottinn leik. Ekki vera alltaf fastur í skipulaginu heldur gefa börnunum góðan tíma og svigrúm til að skapa og læra á sínum forsendum í leik með öðrum.

## 5.4 Sjálfsprottinn leikur í manngerðu- og náttúrulegu umhverfi

Bætt var við einni auka spurningu í lok hvers viðtals þar sem viðmælendur voru spurðir hvort þeir sæju mun á leiknum í manngerðu- og náttúrulegu umhverfi.

Allir deildarstjórnir voru sammála um að mikill munur væri á leik barna í manngerðu- og náttúrulegu umhverfi nema deildarstjóri D sem sagði að ekki væri farið mikið út fyrir lóðina nema eitthvað skipulagt. Það væru til dæmis gönguferðir þar sem passa þarf að halda röðinni vegna umferðar. Honum finnst leikurinn oft sambærilegur á lóð og í skógi en mismunandi efniviður notaður. Sömuleiðis finnst honum leikurinn hafa breyst með árunum. Hér áður voru börn í sjálfsprottnum leik að sinna almennum sveitastörfum eins og slátra lömbum, fara í göngur og gera alls konar hluti í leiknum en nú sér hann lítið af því.

Nú er það þannig að það eru bara tölvuleikir, sjónvarpsþættir eða ofurmenni. Þannig að mér finnst leikurinn hafa breyst svo mikið, hvort sem hann er úti eða inni. Úti voru þeir heilu dagarnir þar sem krakkarnir hérna voru að ríða á hestum um fjöllin og reka kindur en ég sé ekki börn leika svona í dag.

Hann velti fyrir sér hvort börn væru orðnir minni þátttakendur í sveitalífinu heima fyrir, allavega sér hann minna af svona leik nú í dag.

Deildarstjóri B sér mikinn mun á leik barna á opnum náttúrulegum svæðum þar sem þau hafa meira rými. Börnin ná að njóta sín meira óhindrað í leiknum og honum finnst oft hefta leik barnanna að vera með stýrð tæki eins og rólur eða skóflur til að moka. Þá er einhvern veginn fyrir fram ákveðið hvað börnin eiga að gera. Hann sagði:

Mér finnst allavega verða skemmtilegri leikur oft og svona sjálfsprottinn leikur hjá þeim [börnunum] og þau eru að byggja hann upp frá grunni og það er ekkert, enginn efniviður sem þau hafa, þau þurfa að búa hann til og það verður einhvern veginn bara svona miklu meira skapandi leikur. Mér finnst allavega miklu skemmtilegra að fylgjast með þeim leik og miklu dýpri leikur sem þau detta í.

Jafnframt finnst honum meiri sköpun og dýpt vera í leiknum í náttúrulega umhverfinu og gaman að fylgjast með börnunum í runnunum að skapa einhvern leik með engum truflunum. Honum finnst mikilvægt að berjast fyrir því að börn fái að leika sér frjálst og óhindrað.



Deildarstjórar A og C voru sammála um að þeir sæju mun á hvort börnin léku sér á lóðinni með ákveðinn efnivið til dæmis í kastala eða með skóflur til að moka. Deildarstjóri A nefndi að þegar börn eru á náttúrulegum svæðum svo sem í trjám, runnum eða á grasfleti þá geta börnin gert meira sem þeim dettur sjálfum í hug. Í útikennslu hjá deildarstjóra C nota börnin prik, köngla, steina og eru að klifra upp í tré. Einnig skríða þau undir rætur trjáanna og leikurinn verður allt öðruvísi. Honum finnst hreyfingin meiri í leik utan lóðarinnar eins og að labba í þúfum, mörg börn kunna það ekki og detta margoft en þetta læra þau í útikennslunni. Þau skapa leik undir brúnni á staðnum, það kemur tröll og allt í einu eru þau komin í leik um geiturnar þrjár, segir hann. Þetta er sjálfsprottinn leikur sem þau skapa sjálf með því að skipta sér í hlutverk og nota ímyndunaraflíð.

## 5.5 Þekking, færni og stuðningur ásamt meiri áherslu á sjálfbærni

Deildarstjórar voru spurðir hvort þeir myndu vilja leggja meiri áherslu á grunnþáttinn sjálfbærni og hvort þeir myndu vilja betri þekkingu eða stuðning til að sinna grunnþættinum sjálfbærni betur. Deildarstjóri A sagðist vilja kynna börnin betur fyrir náttúrunni og fara í fleiri vettvangsferðir. Hann vildi geta skipt hópnum upp og vera með færri börn í einu til að geta framkvæmt verkefni betur. Deildarstjórinn nefndi síðan að hann væri til í að skoða hvernig aðrir skólar vinna með sjálfbærni til að fá hugmyndir, vegna þess hann sagðist ekki vera nógu fróður um þessi mál og vildi kynna sér þau betur.

Deildarstjóri B vildi að plast leikföngunum í leikskólanum yrði skipt út, sérstaklega þeim sem orðin eru gömul og fengið eitthvað umhverfisvænna, til dæmis skynjunarkubba eða aðra kubba. Í framhaldinu sagði deildarstjórinn að hann myndi vilja fá stuðning til dæmis frá sveitarfélaginu til að endurnýja efnivið eða bæta einhverju við í leikskólann. Sömuleiðis sagðist hann vilja, eins og deildarstjóri A, kynna sér aðra skóla sem eru framarlega í vinnu með sjálfbærni.

Deildarstjóri C sagði það mikilvægt að vekja ekki ótta hjá börnunum en samt sem áður ræða við þau um hvað hægt er að gera til þess að vernda náttúruna eins og að labba eða hjóla í staðinn fyrir að fara á bíl milli staða. Hann nefndi að hægt væri að taka 4–5 ára börnin í umræðuhópa þar sem rætt væri um að fara vel með hlutina svo það þyrfti ekki alltaf að kaupa nýtt. Kenna þeim um orsök og afleiðingu án þess að vekja hjá þeim ótta. Deildarstjórinn nefndi

að hann væri til í að fá utanaðkomandi sérfræðing í til dæmis útinámi til að dýpka þekkingu þeirra. Það er sömuleiðis upplifun fyrir börnin, sagði hann, að hlusta á einhvern annan því þá hlusta þau oft betur.

Að lokum sagði deildarstjóri D að hann vildi láta börnin verða meðvitaðri um pappírinn sem verið er að nota og hvernig hann er flokkaður. Leyfa börnunum að koma með að henda í ruslatunnuna og sýna þeim ferlið. Svar hans við því hvort hann vildi fá betri þekkingu um sjálfbærni, var að hann vildi fara með börnin í heimsókn í flokkunarstöð þar sem hægt er að sýna börnunum ýtarlegra ferli af flokkun og fá jafnvel kynningu frá starfsfólkinu þar. Í staðinn fyrir að fara í sveitaferð sem er aðgengileg að fara frekar í vettvangsferð á flokkunarstöð.

## 5.6 Samantekt

Í upphafi viðtals var spurt um áherslur leikskólanna sem deildarstjórnir vinna á. Þar kom fram að áherslur allra skólanna væru að öllum ætti að líða sem best í skólanum, sýna vináttu og virðingu. Mikil áhersla er lögð á leikinn og nám í gegnum hann hjá öllum deildarstjórum, málörvun og tími fyrir leikinn. Að nemendur fái tækifæri til að rannsaka, prófa og öðlast þekkingu í öruggu umhverfi. Útivera og hreyfing er stór þáttur leikskólanna sem og hollt mataræði.

Fyrst var rætt við viðmælendur um grunnþætti menntunar í leikskólanum og voru þeir allir sammála um að læsi væri einn mikilvægasti þátturinn í skólastarfi og mikil áhersla lögð á hann. Niðurstöður sýndu að bókstafir væru sýnilegir á deildum, bækur hafðar nálægar og mikið lesið fyrir börnin. Orð eru sett á athafnir og hluti, því mikilvægt er að efla málþroska barna á fyrstu árum skólagöngu þeirra.

Unnið er markvisst með grunnþáttinn heilbrigði og velferð sem birtist meðal annars í skipulagðri hreyfingu einu sinni í viku á þremur af fjórum deildum. Hreyfistundir þar sem þrautabrautir, leikir eða æfingar eru í boði fyrir börnin voru á tveimur deildum. Skipulögð hreyfistund einu sinni í viku hjá skólahóp er í boði fyrir aðra deild. Þar er farið með grunnskólanum í íþróttir allan veturinn. Einn deildarstjóri talaði um íþróttahúsferðir sem farnar eru reglulega, þar sem fram fer skipulögð hreyfing auk mikillar útiveru.

Niðurstöður sýndu að sköpun er hluti af dagskipulagi allra deildarstjóra þar sem börn fá stýrð eða frjáls verkefni, hvort sem verið er að vinna með dagskipulag eða í frjálsum tíma. Á sumum deildum er í boði að fara í listakrök ef börn óska þess. Sköpun birtist líka í öðru skólastarfi þar sem börn fá frelsi til að leika sér með alls kyns efnivið og starfsfólk er sveigjanlegt að koma til móts við börnin ef hægt er.

Deildarstjóri á einni deild lagði áherslu á jafnrétti og taldi það skipta miklu máli að allir upplifðu jafnan rétt innan leikskólans. Samt sem áður lagði hann áherslu á að ekki þurfi allir það sama, alltaf. Tveir af fjórum deildarstjórum minntust ekki á jafnrétti fyrir utan að allir grunnþættirnir fléttist saman í daglegu starfi. Einn deildarstjóri sagði að allir væru hvattir til að tjá sig í leikskólanum og stunda virka hlustun. Jafnframt talaði hann um mikilvægi þess að aðgengi væri fyrir alla, í öllu starfi og í aðbúnaði deildarinnar. Börn með íslensku sem annað mál ættu að fá tækifæri og hvata til þess að læra íslensku með málörvun svo þau komist fyrr inn í samfélagið sem þau búa í. Deildarstjóri nefndi að lýðræði birtist til dæmis í vali barna á efnivið sem þau vilja leika með og hvort þau vilji leika úti eða inni. Hann sagði að jafnrétti væri jafnframt að umgangast hvert annað og virða aldursmun á aldursblandaðri deild. Lítið var fjallað um grunnþáttinn sjálfbærni í tengslum við grunnþætti menntunar annað en að stunda útikennslu, útiveru og bera virðingu fyrir náttúrunni.

Þegar grunnþátturinn sjálfbærni í leikskóla var skoðaður kom í ljós að mismunandi mikið er unnið með þann þátt, á milli deilda og leikskóla. Áhersla á sjálfbærniþáttinn hjá tveimur af fjórum deildarstjórum sýndi að unnið væri með flokkun á rusli og matarafgangar settir í moltu. Allur pappír sem kæmi á deildina væri endurnýttur frá fyrirtækjum og stofnunum sem gæfu hann til leikskólanna. Einn deildarstjóri talaði um að notaðir væru fjölnota klútar til að þurrka munn og hendur eftir matartíma. Annar deildarstjóri nefndi að lítið væri unnið með grunnþáttinn fyrir utan flokkun á rusli sem kennarar sæju um, ekki börnin, farið væri í gönguferðir og leikið úti í náttúrunni. Deildarstjóri sem vinnur markvisst með sjálfbærniþáttinn í útikennslu sagði hann vera nátengdan útikennslunni og jafnframt mikilvægustu leiðina til að kenna sjálfbærni. Markmiðið væri að opna augu barna fyrir umhverfi sínu og náttúru svo þau uppgötvi hana, þyki vænt um hana og tileinki sér lífshætti sem sýna samkennd gagnvart náttúrunni.

Þegar birtingarmynd grunnþáttarins sjálfbærni og sjálfsprottins leiks var skoðaður kom í ljós að einn deildarstjóri talaði um að fá mikið af leikföngum gefins á meðan annar nefndi

könnunarleikinn og hvernig börn fá rými til að leika í honum frjálst. Einn deildarstjóri minntist á að farið væri út að týna rusl. Að hans ósk mætti hins vegar nýta sjálfsprottna leikinn betur í umræður tengda sjálfbærni, til að mynda umræðu um plastnotkun og hvar það endar. Annar deildarstjóri minntist á útikennslu og sjálfsprottinn leik samhliða henni og mikilvægi þess að gefa börnum tíma í leik. Mikill munur er á leiknum inni og úti að hans mati því börn hafi meira rými úti og öðruvísi efnivið til að leika með. Hann talaði um mikilvægi þess að gefa tíma í sjálfsprottinn leik því börn uppgötva svo mikið í honum á eigin forsendum. Hann sagði jafnframt mikilvægt að vera sveigjanlegur frá dagskipulagi með sjálfsprottna leikinn og útiveru og gefa börnum svigrúm.

Aukaspurning um sjálfsprottinn leik í manngerðu- eða náttúrulegu umhverfi var áhugaverð því allir deildarstjórar fyrir utan einn töluðu um að sjá mikinn mun á leiknum í náttúrulegu umhverfi. Deildarstjórinn sem taldi sig ekki sjá mun á leiknum í manngerðu- eða náttúrulegu umhverfi sagði að þau færu ekki mikið út fyrir leikskólalóð nema eitthvað markvisst og skipulagt, eins og gönguferðir. Honum finnst leikurinn sambærilegur á lóð og til dæmis í skógi en mismunandi efniviður notaður. Hann nefndi breytingu á sjálfsprottna leiknum sem hefur farið frá því að börn léku sér í ímyndunarleik, sem bændur að vinna almenn bændastörf, í leik sem er minna áberandi. Þrjú af fjórum deildarstjórum voru sammála um að leikurinn væri öðruvísi í náttúrulegu rými, frjálssari og óheftari þar sem sköpun í leik og hugmyndaauðgi barna er meiri. Kom fram að manngerð leiktæki og dót hefði heftandi áhrif á leikinn á meðan börn léku sér óhindrað í náttúrulegu umhverfi.

Niðurstöður sýna að deildarstjórar myndu almennt vilja fá meiri þekkingu á grunnþættinum sjálfbærni. Einn þeirra nefndi fjárhagsstuðning við kaup á umhverfisvænni leikföngum. Allir vildu fá meiri stuðning og fræðslu um grunnþáttinn til að virkja hann betur inn í skólastarfið. Sömuleiðis myndu þeir vilja fá aukið tækifæri til þess að komast í vettvangsferðir sem hluta af sjálfbærnimenntun leikskólans og kennslu. Einn talaði um að vilja fá gestakennara til að koma og fræða börnin um sjálfbærni, mikilvægi þess að taka þátt í að bæta umhverfið án þess að vekja ótta á málefnum um loftslagskvíða. Hann taldi utanaðkomandi aðila betur tilvalinn í umræður af þessu tagi því það virki oft betur til að fanga athygli barnanna.

## 6 Umræður

Markmiðið með rannsókninni var að kanna hvernig unnið er með grunnþáttinn sjálfbærni í leikskólum og hvort munur sé á sjálfsprottna leiknum í manngerðu- og náttúrulegu umhverfi. Rannsóknin hófst á því að leggja spurningalista fyrir deildarstjóra í leikskólum. Spurt var um grunnþátt menntunar í skólanum, sjálfbærni í leikskólum, sjálfbærni og sjálfsprottinn leik, sjálfsprottinn leik í manngerðu- og náttúrulegu umhverfi og þekkingu, færni og stuðning ásamt meiri áherslu á sjálfbærni. Hér á eftir verða niðurstöður rannsóknarinnar greindar og settar í samhengi við fræðilega kaflann.

Deildarstjórnir fengu spurningu um hverjar áherslur skólans þeirra væru. Fram kom að áherslur skólanna voru að öllum ætti að líða vel, finna til öryggis og sýna vináttu og virðingu. Mikil áhersla var á sjálfsprottna leikinn í gegnum nám í öllum leikskólunum auk tíma fyrir hann. Áhersla er lögð á málörvun, að nemendur fái að rannsaka, prófa og öðlast færni auk áherslu á útiveru, hreyfingu og hollt mataræði. Þetta er í samræmi við það sem fram kemur í lögum um leikskóla nr. 90/2008 um að velferð og hagur barna eigi að vera leiðandi í öllu starfi, veita skuli börnum menntun, hollt og hvetjandi uppeldi í öruggu umhverfi. Stuðla á að nám fari fram í gegnum skapandi leik þar sem börn fái að njóta sín. Starfshættir skulu mótast af umburðarlyndi, jafnrétti og umhyggju.

### 6.1 Grunnþættir menntunar í leikskólum

Samkvæmt viðmælendum eru flest allir grunnþættir menntunar fléttaðir inn í dagskipulag leikskóla. Allir fjórir deildarstjórnir voru sammála um að læsi væri fléttað inn í allt starf leikskólans til dæmis með því að hafa bækur sýnilegar á deildum, hafa bókstafi barnanna við sætin þeirra og setja orð á athafnir. Fram kom að málþroski barna er mikilvægur, sérstaklega á fyrstu árum leikskólagöngunnar. Í aðalnámskrá leikskóla (2011, bls. 29–30) kemur fram að börn eigi að læra að lesa í umhverfi sitt, tilfinningar og skoðanir eða með öðrum orðum, þróa læsi í viðum skilningi. Þannig læra þau betri félagsfærni, sjálfsmynd þeirra styrkist og þau öðlast meiri skilning á ritað mál og að það hafi merkingu.

Heilbrigði og velferð var markvisst inni í dagskipulaginu hjá deildarstjórunum með einum eða öðrum hætti. Skipulögð hreyfing var að jafnaði einu sinni í viku. Flestir eru með

Íþróttastundir þar sem börnum gefst færi á skipulagðri hreyfingu til dæmis þrautabrautir, leikir eða æfingar. Fram kemur í aðalnámskrá leikskóla (2011, bls. 30) að börn eigi að fá að hreyfa sig frjálst sem og taka þátt í skipulagðri hreyfingu. Einnig er áhugavert að skoða rannsókn þar sem borin var saman hreyfigeta barna í skipulögðum íþróttatímum og frjálsan leik á vel skipulögðum leikvelli. Sýndu niðurstöður að börn sem fengu að vera í frjálsum leik höfðu marktækt meiri hreyfifærni en þau sem voru í skipulögðum íþróttatímum (Frost o.fl., 2005, bls. 307).

Grunnþátturinn sköpun er inni í dagskipulaginu hjá öllum deildarstjórunum og unnið er með myndlistarverkefni, litað á blöð eða annað sem tengist því sem verið er að vinna með. Ýmist er unnið í minni hópum eða deildin saman. Alls konar efniviður er í boði í mismunandi aðstæðum og mikilvægt að koma til móts við hugmyndir barnanna ef það er mögulegt. Þegar aðalnámskrá leikskóla (2011, bls. 31) er skoðuð segir að leikskólinn skuli styðja við sköpunarkraft barna ásamt því að leyfa þeim að vinna með og kanna fjölbreyttan efnivið. Lítið annað kom fram sem hægt var að tengja við grunnþáttinn sköpun með þeim skilningi eins og fram kemur í aðalnámskrá (2011, bls. 16–17) en þar segir að sköpun sé nám sem á sér stað þegar einstaklingur vinnur með áreiti, tengir við fyrri þekkingu og býr til nýja. Sköpun byggist á forvitni, áskorun, spennu og leit. Leikurinn er mikilvæg námsleið þar sem sköpunargleði barna getur notið sín.

Einn deildarstjórinn nefndi að jafnrétti væri mikilvægur hluti af þeirra skólastarfi og reynt væri að vinna með hugtakið skóli án aðgreiningar. Hann talaði um mikilvægi þess að læra að leysa úr ágreiningi, taka afstöðu, vera gagnrýninn og hafa áhrif á aðstæður. Ræða þarf hluti sem eru skrítnir, tjá sig og hlusta á aðra. Annar deildarstjóri nefndi aðgengi og tækifæri fyrir alla, að taka þátt í öllu starfi og aðstoða þá sem hafa íslensku sem annað tungumál að komast inn í samfélagið. Deildarstjórnir nefndu að jafnrétti fléttast inn í allt daglegt starf á einn eða annan hátt. Þetta samræmis aðalnámskrá leikskóla (2011, bls. 15) um að jafnréttismenntun felur í sér nám um menningu, tungumál, lífsskoðanir og félagslegan skilning á því hvað felst í fötlun. Þar kemur fram að leggja skuli áherslu á skóla án aðgreiningar í öllu skólastarfi.

Lýðræði kemur fram hjá deildarstjórum sem val barna á leikföngum og efnivið eða val um leik úti eða inni. Nefnd var virðing gagnvart mismunandi þroska barna á aldursblandaðri deild þar sem þau læra að sýna börnum á mismunandi aldri tillitssemi og virðingu. Þetta samræmist aðalnámskrá leikskóla (2011, bls. 14–15) þar sem fram kemur að lýðræðismenntun feli í sér virðingu fyrir mannréttindum, viðhorfi, gildismati og siðferði sem fléttast saman við aðra

grunnþætti menntunar. Skólum ber að rækta það viðhorf að samfélagið sé lýðræðislegt, einstaklingarnir gagnrýnir og með framtíðarsýn.

Deildarstjórar nefndu lítið hér um grunnþáttinn sjálfbærni annað en að stunda útikennslu, útiveru og læra að bera virðingu fyrir náttúrunni. Grunnþættirnir eiga að vera sýnilegir í öllu skólastarfi og eiga sér stoð, hver með sínum hætti. Þó þættirnir séu sex þá tengjast þeir allir og eru háðir hver öðrum. Þeir eru settir fram til að leggja áherslu á bæði samfélagsleg markmið og markmið sem varða menntun sérhvers einstaklings (Aðalnámskrá leikskóla, 2011, bls. 10–11; Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, 2012, bls. 3).

## 6.2 Sjálfbærni í leikskólum

Niðurstöður rannsóknarinnar sýna að deildarstjórnir vinna lítið eða ekkert með sjálfbærni sem þeir tengdu við fyrir utan deildarstjóra sem vinnur markvisst með útikennslu sem fléttast inn í sjálfbærnimenntun. Vegna þessa gæti sýn hans á grunnþáttinn sjálfbærni verið með öðrum áherslum. Hann átti mjög auðvelt með að tengja við alla stólpa sjálfbærni sem eru umhverfi, samfélag og efnahagur (Forsætisráðuneytið, 2023, bls. 9). Þrjár deildarstjórnanna sögðust hins vegar flokka rusl, til dæmis matarafganga og pappír. Annar nefndi fjölnota klúta til þess að þurrka munn og hendur eftir matartíma og sömuleiðis eru notuð endurnýtt blöð sem skólinn fær gefins frá fyrirtækjum og stofnunum. Einn deildarstjórinn talaði um að lítið sem ekkert væri unnið með sjálfbærni á sinni deild. Starfsmenn flokki rusl, farið er í gönguferðir og leikið í náttúrunni en annars birtist sjálfbærnin bara með smá útskýringu í skólanámskrá.

Deildarstjórnir töluðu um gönguferðir með börnunum og hversu mikilvægt er að sýna þeim náttúruna og kenna þeim að þykja vænt um hana. Samkvæmt aðalnámskrá leikskóla (2011, bls. 30–31) eiga börn að fá tækifæri til að meðal annars horfa, hlusta, snerta og rannsaka það sem þau sjá í umhverfi sínu. Frá fæðingu reyna þau að kanna og skilja umhverfi sitt og hlutverk leikskóla er að ýta undir forvitni barna, vangaveltur þeirra og spyrja þau spurninga. Kenna þarf börnum að bera virðingu fyrir umhverfinu og náttúrunni í kring ásamt því að skapa þeim tækifæri til að njóta og upplifa.

Markviss útikennsla er hjá einum deildarstjóranum sem hann segir vera nátengda sjálfbærni. Útikennsla er nám þar sem kennarinn skipuleggur kennslu með ákveðin hugtök í huga fyrir nemendur sína að læra. Börn geta lært ýmislegt í gegnum útikennslu og kostir hennar

margvíslegir. Það eru þættir eins og hreyfing, þol, umhverfisvitund og félagsfærni. Einstaklingar læra að takast á við fjölbreyttar aðstæður, afla sér skilnings um að ganga vel um umhverfið og læra á íslenska náttúru og veðurfar. Nemendur fá sömuleiðis meira frelsi til að tjá sig og kynnast nýjum hugtökum í útikennslunni (Inga Lovísa Andreassen og Auður Pálsdóttir, 2014, bls. 15; Anna Sofia Wahlström og Karólína Einarsdóttir, 2008, bls. 8–9).

Jafnframt talaði hann um að mikilvægasta leiðin til þess að kenna sjálfbærni er útinám því það opnar augu barna fyrir umhverfi og náttúrufergurð. Með því tileinka þau sér lífshætti sem stuðla að virðingu og samkennd gagnvart náttúrunni. Samkvæmt Davis (2015, bls. 47) skapar barn sem vant er að vera í náttúrunni jákvæða upplifun til hennar og tengist þannig betur hugmyndum um sjálfbærni. Sjálfbær framtíð komandi kynslóða felst í því að öðlast dýpri skilning á samspili manns og náttúru.

## 6.3 Sjálfbærni og sjálfspróttinn leikur

Deildarstjórar voru allir sammála um að mikilvægt væri að gefa tíma fyrir sjálfspróttinn leik. Í honum uppgötva börnin margt og þurfa svigrúm til að skapa og læra á sínum forsendum í leik með öðrum. Munur var á leik barna úti og inni því utandyra hafa þau meira rými til leiks og öðruvísi efnivið. Nefnt var mikilvægi þess að láta ekki dagskipulag stjórna flæði í leik heldur leyfa því að vera sveigjanlegt. Einn deildarstjóri nefndi að mikið af leikföngum væru gefin í leikskólann til endurnýtingar eins og lykllaborð, síma og fleira. Könnunarleikurinn var nefndur þar sem börn fá tækifæri til að skapa sjálf og fá að vera afskiptalaus í leik. Farið er með börn að týna rusl í umhverfi við leikskólana sem hluti af sjálfbærni. Talað var um að nýta leikinn betur í alls kyns umræðu um leikföng eins og plast, hvaðan það kemur og hvar það endar.

Þetta samræmist því sem fram kemur í aðalnámskrá leikskóla (Menntamálastofnun, e.d.-a) að leikur skuli vera meginnámsleið barna í leikskóla. Börn eiga að fá tækifæri til þess að leika á eigin forsendum. Í leik geti börn gert tilraunir og öðlast nýjan skilning og nýja þekkingu.



## 6.4 Sjálfsprottinn leikur í manngerðu- og náttúrulegu umhverfi

Niðurstöður voru að þrír af fjórum deildarstjórum sáu mikinn mun á leiknum í manngerðu- og náttúrulegu umhverfi. Einum deildarstjóra fannst hann ekki vera nógu mikið í aðstæðum til að geta lagt mat á það því hann fer ekki mikið út fyrir lóð leikskólans nema eitthvað skipulagt til dæmis gönguferðir. Honum finnst leikurinn oft sambærilegur á lóð og í skógi en með mismunandi efnivið. Sömuleiðis talar hann um að sjálfsprottni leikurinn hafi breyst með árunum. Áður voru börn í leik að sinna almennum sveitastörfum en í dag er sá leikur minna áberandi og veltir fyrir sér hvort börn séu minni þátttakendur í daglegum störfum. Áhugaverðar vangaveltur deildarstjóra velta upp spurningum um nægilegt rými til sjálfsprottins leiks og ígrundun kennara gagnvart leiknum og þróun hans (Kristín Karlsdóttir og Sara M. Ólafsdóttir, 2022, bls. 189; Menntamálastofnun, e.d.-a).

Tveir deildarstjórar sögðust sjá skemmtilegri, meiri sjálfsprottinn og skapandi leik í náttúrulegu umhverfi. Sömuleiðis sögðust þeir sjá meiri stýrðan leik í manngerðu umhverfi og þegar börnin væru með tilbúinn efnivið eins og skóflur og fötur. Útikennsla var stór hluti af starfinu hjá einum deildarstjóranum og sagðist hann sjá meiri hreyfingu í leiknum utan lóðarinnar til dæmis að ganga í þúfum. Samkvæmt skandinavískum rannsóknum (Maynard og Waters, 2007, bls. 257–258) kemur fram að börn sem leika sér í náttúrunni séu alla jafna heilbrigðari, hafi aukna hreyfigetu, meira jafnvægi, samhæfingu og sköpunargáfu í leik.

Deildarstjórnir sjá mun á leik barna á opnum náttúrulegum svæðum. Þeim finnst gaman að sjá sjálfsprottna leikinn þróast í útiverunni því þar er efniviður sem börnin fá ekki að vera með inni. Meiri sköpun og dýpt er í leiknum í náttúrulega umhverfinu og gaman að fylgjast með þeim leik segir einn deildarstjórinn. Í náttúrunni upplifir barn umhverfi sem er opið, hún ýtir undir vitsmunalegan-, tilfinningalegan-, félagslegan- og líkamlegan þroska. Börn geta upplifað nýjar tilfinningar og frelsi (Af stað, 2018; Aðalnámskrá leikskóla, 2011, bls. 25).

Tveir deildarstjórar voru sammála um að börn þyrftu að fá rými í sjálfsprottna leiknum og að kennarar þyrftu að huga að því að láta ekki skipulag stjórna för heldur gefa börnunum góðan tíma og svigrúm til að læra á sínum forsendum í leik. Í *Handbók um leik barna í leikskólum* (Sara Margrét Ólafsdóttir og Svava Björg Mörk, 2024, bls. 20) kemur fram að til þess að börn geti

kannað umhverfi sitt þurfi þau samfelldan og langan tíma í einu í leik. Með því að leyfa börnum að leika í náttúrunni fá þau tækifæri til að kanna, skoða og læra sjálfstætt og með kennurum sínum.

## 6.5 Þekking, færni og stuðningur ásamt meiri áherslu á sjálfbærni

Deildarstjórar vilja almennt fá meiri þekkingu á grunnþættinum sjálfbærni. Einn þeirra nefndi fjárhagsstuðning við kaup á umhverfisvænni leikföngum. Allir vildu fá meiri stuðning og fræðslu um grunnþáttinn til að virkja hann betur inn í skólastarfið. Sömuleiðis myndu þeir vilja fá aukið tækifæri til þess að komast í vettvangsferðir sem hluta af sjálfbærnimenntun leikskólans og kennslu. Kennarar koma að mörgum þáttum sem falla undir skólastarf þar á meðal þróunarstörfum (Aðalnámskrá leikskóla, 2011, bls. 8).

Einn talaði um að vilja fá gestakennara til að koma og fræða börnin um sjálfbærni, mikilvægi þess að taka þátt í að bæta umhverfið án þess að vekja ótta á málefnum um loftslagskvíða. Hann taldi utanaðkomandi aðila betur tilvalinn í umræður af þessu tagi því það virki oft betur til að fanga athygli barnanna. Eins og kemur fram inni á síðu Landverndar (e.d.-a; e.d.-b) er fjallað um mikilvægi þess að vinna með uppbyggjandi hætti um málefni tengd loftslagskvíða. Sú menntun ætti að snúast um styrkleika og getu barna til að takast á við mótlæti og erfiðleika sem kvíði getur valdið.

## 6.6 Samantekt

Markmið rannsóknarinnar var að kanna hvernig unnið er með grunnþáttinn sjálfbærni í leikskólum og hvort munur væri á milli sjálfsprottna leiksins í manngerðu- og náttúrulegu umhverfi. Spurningalisti var lagður fyrir deildarstjóra í leikskólum þar sem spurt var um grunnþætti menntunar, sjálfbærni í leikskólum, sjálfbærni og sjálfsprottinn leik, sjálfsprottinn leik í manngerðu- og náttúrulegu umhverfi og þekkingu, færni og stuðning ásamt meiri áherslu á sjálfbærni.

Leikskólarnir lögðu allir áherslu á að öllum ætti að líða vel, finna til öryggis, sýna vináttu og virðingu við alla. Mikil áhersla var á sjálfsprottna leikinn í gegnum nám og að tími sé gefinn fyrir

hann í öllum leikskólunum. Áhersla var lögð á málörvun, að nemendur fái að rannsaka, prófa og öðlast þannig færni og þekkingu á viðfangsefnum. Útivera var mikils metin hjá deildarstjórum ásamt góðri hreyfinu og hollu mataræði.

Grunnþættir menntunar fléttast inn í dagskipulag leikskólanna. Þeir þættir sem deildarstjórar nefndu og voru sammála um að vera mikilvægastir var áhersla á læsi, heilbrigði og sköpun. Þessir þættir fléttast inn í allt skólastarf með sérstakri áherslu á málþroskann. Að setja orð á athafnir og lesa mikið fyrir börnin, að hafa bækur og bókstafi aðgengilega og sýnilega væri einna mikilvægast fyrir málþroska ungra barna.

Heilbrigði og velferð var markvisst inni í dagskipulagi hjá öllum deildarstjórum með einum eða öðrum hætti. Skipulögð hreyfing var að jafnaði einu sinni í viku hjá öllum þar sem farið var í íþróttir í sal eða íþróttahús. Í íþróttatímum var lögð áhersla á skipulagða hreyfingu og til dæmis farið í leiki, þrautabraut eða gert æfingar.

Grunnþátturinn sköpun var í dagskipulagi hjá öllum deildarstjórum og unnið með hana að einhverju leyti, sérstaklega tengt listum eins og myndlistarverkefnum, lita á blöð eða annað þess háttar. Nefnt var mikilvægi þess að koma til móts við nemendur og óskir þeirra varðandi sköpun ef möguleiki væri á. Lítið annað kom fram tengt þessum grunnþætti sem fellur undir grunnþáttinn sköpun.

Einn deildarstjóri nefndi að sérstaklega væri unnið með jafnrétti í leikskólanum og að það væri mikilvægur hluti af þeirra skólastarfi. Unnið væri eftir hugmyndum um skóla án aðgreiningar þar sem áhersla er á að leysa úr ágreiningi, taka afstöðu, vera gagnrýninn og hafa áhrif á aðstæður. Mikilvægt væri að ræða hluti sem viðkomandi þættu óþægilegir eða skrýtnir, tjá sig og hlusta á aðra. Deildarstjórar voru sammála um að jafnrétti fléttast inn í allt starf á einn eða annan hátt.

Grunnþátturinn lýðræði kemur fyrst og fremst fram hjá deildarstjórum í vali þar sem börn fá til dæmis að velja leikföng og efnivið til að vinna eða leika með. Val um að leika úti og inni var líka nefnt. Einn deildarstjóri nefndi virðingu barna gagnvart mismunandi þroska á aldursblandaðri deild þar sem þau læra að sýna börnum á mismunandi aldri tillitssemi og virðingu.

Um grunnþáttinn sjálfbærni og birtingarmynd hans í leikskólastarfi kom fram að þrír af fjórum deildarstjórunna vinna lítið sem ekkert með sjálfbærni á deildinni sinni. Nefndu

deildarstjórar gönguferðir og mikilvægi þess að sýna börnum náttúruna. Þeir töluðu um að flokka rusl en sums staðar kæmu börn ekki nálægt því, fjölnota klútar eru notaðir til að þurrka hendur og munn og endurnýtt blöð og dót sem leikskólinn hefur fengið gefins.

Niðurstöður sína að einn deildarstjóri gat tengt vel við grunnþáttinn sjálfbærni en hann vinnur markvisst með útikennslu og segir hana nátengda sjálfbærni. Hann segir útikennslu jafnframt vera bestu leiðina til að kenna sjálfbærni. Útikennsla er nám þar sem kennarinn skipuleggur kennslu um ákveðin hugtök eða efni sem hægt er að vinna í náttúrunni og gefur börnum tækifæri á að læra á annan hátt. Mikilvægasta leiðin til að kenna sjálfbærni væri með útikennslu því þar opnast augu barnanna fyrir umhverfi og náttúruferð.

Þegar spurt var um sjálfbærni og sjálfsprottinn leik voru deildarstjórar sammála um mikilvægi þess að gefa börnum tíma í sjálfsprottum leik. Í honum uppgötva þau margt, sköpun nýtur sín og þau læra á sínum forsendum í leik með öðrum. Nefndu deildarstjórar mikilvægi þess að trufla ekki leikinn og láta dagskipulag ekki stjórna flæði í leik. Einn deildarstjóri talaði um könnunarleikinn sem fellur undir sjálfsprottinn leik með verðlausum efnivið og flokkast undir sjálfbærni. Þar talaði hann um mikilvægi þess að leyfa börnunum að fá að vera í friði í leiknum. Deildarstjórar sögðu að þeim fyndist munur á leik barna úti og inni því útvera gefur meira rými til leiks og þess vegna birtist hann öðruvísi. Mikið af leikföngum eru gefin í leikskólann sem hætt er að nota eins og gamla síma, lyklaborð og fleira. Farið er með börn að týna rusl í nærumhverfi við leikskóla sem hluti af sjálfbærni. Einn deildarstjóri vill nýta leikinn betur til að grípa umræðu um sjálfbærni eins og ræða til dæmis um efniviðinn sem börnin leika sér með, hvaðan hann kemur og hvar hann endar.

Einn deildarstjóri sagðist ekki geta tengt við sjálfsprottinn leik í manngerðu- og náttúrulegu umhverfi vegna þess að hann taldi sig ekki vera í aðstæðum til að leggja mat á það. Ástæðan er sú að börnin fara lítið sem ekkert út af leikskólalóð nema í skipulagðri ferð. Hann nefndi að ef farið er út fyrir lóðina og börnin fá að leika annars staðar, finnst honum leikurinn vera sambærilegur og inni á lóð en með mismunandi efnivið.

Þrjú deildarstjórar sögðust sjá mikinn mun á leiknum í manngerðu- og náttúrulegu umhverfi. Þegar börn leika í manngerðu umhverfi eins og leikskólalóð virðist leikurinn vera stýrðari vegna þess að umhverfið er að hafa áhrif á leikinn. Einnig nefndu þeir að leikurinn stjórnast frekar ef

leikið er með tilbúinn efnivið eins og skóflu og fötu. Það sé fyrir fram ákveðið hvernig eigi að leika með dótið.

Sjálfsprottinn leikur í náttúrulegu umhverfi birtist deildarstjórum sem dýpri, skemmtilegri leik sem er meira skapandi í umhverfinu. Deildarstjórinn sem vinnur markvisst með útikennslu sagðist sjá meiri hreyfifærni hjá börnum í leik utan lóðar því þar þurfi þau að takast á við umhverfi sem finnist eingöngu í náttúrunni, eins og að ganga í þúfum. Börn fá einnig að leika með efnivið sem þau fá alla jafna ekki að vera með inni eða á leikskólalóð eins og prik og köngla. Tveir deildarstjórar voru sammála um að sjálfsprottni leikurinn í náttúrunni þyrfti að fá rými, jafnvel þó tíminn hafi verið skipulagður í upphafi. Kennarar þurfi að hafa í huga að láta ekki skipulag stjórna för þegar sjálfsprottni leikurinn á í hlut heldur gefa börnum tækifæri og svigrúm til að læra á sínum forsendum.

Allir deildarstjórnir vilja almennt fá meiri þekkingu á grunnþættinum sjálfbærni. Þeir vilja fá fjárhagsstuðning eða heimildir til kaupa á umhverfisvænni leikföngum. Stuðning og fræðslu um grunnþáttinn til að virkja hann betur í skólastarfið. Sömuleiðis vilja þeir aukið tækifæri til að komast í vettvangsferðir sem hluta af sjálfbærnimenntun leikskólans. Þeir töluðu um að vilja komast í heimsóknir í skóla sem vinna markvisst með sjálfbærni og fá kennslu í menntun til sjálfbærni. Deildarstjóri talaði um að vilja fá gestakennara til að fræða börnin um sjálfbærni og málefnum tengd henni því oftast gæfist betur að fá utanaðkomandi aðila til að fanga athygli barnanna.



## 7 Lokaorð

Tilgangur ritgerðarinnar var að kanna hvernig unnið væri með grunnþáttinn sjálfbærni í leikskólum og hvort munur væri á sjálfsprottum leik í manngerðu- og náttúrulegu umhverfi. Höfundar eru meðvitaðir um stærð rannsóknarinnar sem er hennar annmarki. Rannsóknin er ekki marktæk þó hægt sé að lesa marga áhugaverða þætti úr henni sem gefa góða hugmynd um birtingarmynd sjálfbærni og sjálfsprottins leiks í manngerðu- og náttúrulegu umhverfi.

Áhugavert var að taka viðtölin við deildarstjórana og sjá hversu skýrt það kom fram hjá þeim mikilvægi þess að öllum líði vel í leikskólasamfélaginu. Grunnþættirnir fléttast inn í skólastarfið en þó mátti sjá að sérstök áhersla var lögð á læsi. Þeir þættir sem við teljum áhugavert að draga fram eru læsi, heilbrigði og velferð og jafnrétti.

Deildarstjórar nefndu læsi fyrst og fremst tengt lestri og ritun. Við veltum því upp hvort þarna sé skekkja í leikskólastarfinu og áherslan á ritun og lestur fái of mikinn tíma og hvers vegna það sé? Eða eru breytingar í samfélögum sem hafa aukið áherslu á málörvun í leikskólanum eða umræða um læsi nemenda í grunnskólum? Tilvalið væri að skoða grunnþættina betur í leikskólastarfi þar sem markvissari áherslur kæmu fram og markmið með þeim.

Deildarstjórar nefndu að jafnrétti fléttast inn í allt daglegt starf á einn eða annan hátt. Einungis einn deildarstjóri nefndi að jafnrétti væri mikilvægur hluti af þeirra skólastarfi. Lýðræði kom helst fram sem val á leikföngum barna í leikskólanum sem samræmist ekki aðalnámskrá leikskóla þar sem segir að lýðræðismenntun feli í sér virðingu fyrir mannréttindum, viðhorfi, gildismati og siðferði sem fléttist saman við aðra grunnþætti menntunar. Áhugavert er að bera þessar niðurstöður saman í ljósi umræðunnar um lýðræði og jafnrétti sem á sér stað í samfélaginu í dag.

Annar áhugaverður þáttur sem kom fram þegar við ræddum um grunnþættina í tengslum við heilbrigði og velferð kom í ljós að allir deildarstjórar hafa markvissa skipulagða hreyfingu, í íþróttasal eða íþróttahúsi, oftast einu sinni í viku. Hér má spyrja hvers vegna það sé? Af hverju er verið að fara með börn í skipulagða íþróttatíma þegar rannsóknir hafa sýnt fram á að

hreyfifærni er markvisst betri hjá börnum sem leika í frjálsum leik en stýrðum íþróttatímum? Þessu er áhugavert að velta fyrir sér, í hvaða tilgangi og fyrir hvern það er gert? Þetta teljum við vera áhugavert og tilefni til að rannsaka betur.

Þegar rætt var við deildarstjóra um sjálfsprottna leikinn og mun á honum í manngerðu- og náttúrulegu umhverfi svöruðu 75% þeirra telja svo vera. Allir deildarstjórar sögðu að sjálfsprottni leikurinn ætti að fá rými og tíma í leikskólum, að dagskipulag ætti ekki að hafa áhrif á leikinn og kennarar ættu að vera sveigjanlegir í garð leiksins. Þeir töldu vera mun á leik barna í manngerðu umhverfi þar sem leikurinn stjórnast af manngerðum hlutum og leiktækjum á meðan leikurinn er sjálfsprottnari, dýpri og eðlislægri í náttúrulegu umhverfi. Meiri hreyfing virðist vera hjá börnum sem leika í náttúrulegu umhverfi og þau öðlast færni og styrk sem þau fá alla jafna ekki annars staðar, eins og að ganga í þúfum eða óræktuðu landi. Hér er hluta rannsóknarspurningarinnar svarað en veltum upp í framhaldi hvers vegna leikskólar og deildarstjórar sæki ekki meira í náttúrulegt umhverfi? Hvað er það í leikskólastarfinu sem er að hafa áhrif á getu þeirra til að bjóða börnum upp á leik í náttúrulegu umhverfi? Er það staðsetning leikskóla og möguleg fjarlægð við náttúrulegt umhverfi, menning innan skólans, þekkingarleysi eða áhugaleysi starfsfólks?

Það kom nokkuð á óvart hve lítið er unnið að einhverju marki með grunnþáttinn sjálfbærni í leikskólum miðað við hve umræðan er orðin mikil um það viðfangsefni í dag. Einungis einn deildarstjóri gat tengt vel og skilmerkilega við grunnþáttinn og hvernig hann birtist í skólastarfi. Aðrir deildarstjórar nefndu þætti eins og að flokka rusl, nýta gamalt dót og nota fjölnota þvottastykki sem við teljum flest alla vera að gera sem hluta af umhverfisvitund allra í samfélaginu. Deildarstjórinn sem tengdi vel við sjálfbærniþáttinn vinnur markvisst með útikennslu í leikskólanum og má áætla vegna þess að hann hafi dýpri tengingu og þjálfun í að vinna með grunnþáttinn en hinir deildarstjórnarnir. Velta má fyrir sér hvort sýn deildarstjóra á sjálfbærni breytist ef unnið er skipulegar með útikennslu í dagskipulagi leikskóla eins og deildarstjórinn talaði um að mikilvægasta leiðin til að kenna sjálfbærni er útinám því það opnar augu barna fyrir umhverfi og náttúrufergurð. Með því tileinka þau sér lífshætti sem stuðla að virðingu og samkennd gagnvart náttúrunni.

Í framhaldi af þessum vangaveltum drögum við fram þá niðurstöðu að allir deildarstjórnarnir vildu fá almenna kennslu í sjálfbærnimenntun fyrir börn. Þeir töluðu um að vilja komast í heimsóknir, fara í vettvangsferðir sem hluta af sjálfbærnimennt, fá fjármagn til kaupa á



umhverfisvænni leikföngum og fá gestakennara bæði sem hluta af símenntun kennara og hluta af námi barna. Upplifun deildarstjóra er áhugaverð því lesa má úr svörum þeirra að skortur sé á stuðningi yfirvalda eða yfirmanna um menntun á þessum þætti. Það virðist sem áhuginn sé fyrir hendi að gera betur og vinna meira með sjálfbærni hjá deildarstjórum en hún fái ekki hljómgrunn. Nú er sjálfbærni á vörum margra í daglegu tali og því áhugavert að deildarstjórar tengi ekki meira við hana en raun ber vitni. Hver ástæðan er, er erfitt að segja til um en hugsanlegt er að hún falli í skuggann fyrir öðrum þáttum sem skólasamfélagið telur mikilvægara.

# Heimildaskrá

Aðalnámskrá leikskóla 2011 /2011.

Af stað. (2018, 27. ágúst). Börn og útivera. <https://www.afstad.com/2018/08/27/born-og-utivera/>

Aldís Unnur Guðmundsdóttir. (2016). *Þroskasálfræði: Lengi býr að fyrstu gerð*. Mál og menning.

Anna Sofia Wahlström og Karólína Einarsdóttir. (2008, 19. nóvember). *Gildi útináms í skólastarfi*. Skógræktin. <https://www.skogur.is/static/files/fraedsla/gildi-utinams-i-skolastarfi.pdf>

Aussie Childcare Network Team. (2022, 8. ágúst). *Spontaneous Play In Early Childhood*. Aussie Childcare Network. <https://aussiechildcarenetwork.com.au/articles/childcare-articles/spontaneous-play-in-early-childhood>

Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna. (e.d.). *Barnasáttmálinn á barnvænu máli*. <https://www.barnasattmali.is/is/um-barnasattmalann/barnasattmalinn-a-barnvaenu-mali>

Bhandari, P. (2020, 19. júní). *What Is Qualitative Research? Methods & Examples*. Scribbr. <https://www.scribbr.com/methodology/qualitative-research/>

Boden, M. A. (1979). *Jean Piaget*. The Viking Press.

Curtis, S. J. (2024, 17. apríl). *Friedrich Froebel: German educator*. Britannica. <https://www.britannica.com/biography/Friedrich-Froebel>

Davis, J. M. (2015). *Second Edition. Young Children and the environment: Early education for sustainability*. Cambridge University Press.

Dewey, J. (2000) *Hugsun og menntun* (Gunnar Ragnarsson þýddi). Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands (endurskoðuð útgáfa 1933).

Forsætisráðuneytið. (2023, júní). *Grænbók um sjálfbært Ísland: Stöðumat og valkostir*. Stjórnarráð Íslands. <https://www.stjornarradid.is/library/02-Rit--skyrslur-og-skrar/Grænbók%20um%20sjálfbært%20Ísland%20-%20Lokaútgáfa.pdf>

Frost, J. L., Wortham, S. C. og Reifel, S. (2005). *Play and Child Development* (2. útgáfa). Pearson.

Inga Lovísa Andreassen og Auður Pálsdóttir. (2014). *Útikennsla og útinám í grunnskólum*. Mál og menning.

- Ingólfur Ásgeir Jóhannesson. (2012). Grunnþættir menntunar í aðalnámskrá og fagmennska kennara. *Netla – Veftímarit um uppeldi og menntun*.  
<https://netla.hi.is/greinar/2012/alm/003.pdf>
- Jóhanna Einarsdóttir. (2010). Reynsla og nám barna. Í Jóhanna Einarsdóttir og Ólafur Páll Jónsson (ritstjórar), *John Dewey í hugsun og verki. Menntun, reynsla og lýðræði* (bls. 57–72). Rannung, Heimspekistofnun Háskóla Íslands, Háskólaútgáfan.
- Jón Torfi Jónasson. (2013). Innlend stefnumið og alþjóðleg viðmið. Í Loftur Guttormsson (ritstjóri), *Almenningsfræðsla á Íslandi 1880–2007, síðara bindi* (bls. 254–269). Háskólaútgáfan.
- Jónas Pálsson. (2013). Formáli í Rúnar Sigþórsson, Rósa Eggertsdóttir og Guðmundur Heiðar Frímannsson (ritstjórar), *Fagmennska í skólastarfi – Skrið til heiðurs Trausta Þorsteinssyni* (bls. 11–13). Háskólaútgáfan.
- Kennarasamband Íslands. (e.d.). *Deildarstjóri í leikskóla*. <https://www.ki.is/kjaramal-og-styrkir/kjarasamningar/felag-leikskolakennara/>
- Kristín Dýrfjörð. (2013, 6. mars). *Frjáls leikur – hvað er það?* <https://www.laupur.is/frjals-leikur-hvad-er-thad/>
- Kristín Karlsdóttir og Sara M. Ólafsdóttir. (2022). Gildi leiks í námi leikskólabarna. Í Jóhanna Einarsdóttir (ritstjóri), *Leikandinn: Greinar um menntun ungra barna* (bls. 189–213). Háskólaútgáfan og Rannung.
- Kristín Norðdahl. (2005). Að leika og læra í náttúrunni – Um gildi náttúrulegs umhverfis í uppeldi og menntun barna. *Netla – Veftímarit um uppeldi og menntun*.  
<https://vefsafn.is/is/20201017175306/https://netla.hi.is/greinar/2005/022/index.htm>
- Kristín Norðdahl. (2016). Hlutverk útiumhverfis í námi barna. *Netla – Veftímarit um uppeldi og menntun*. [https://netla.hi.is/serrit/2015/um\\_utinam/05\\_15\\_utinam.pdf](https://netla.hi.is/serrit/2015/um_utinam/05_15_utinam.pdf)
- Landvernd. (e.d.-a). *Loftslagskvíði*. <https://menntunilsjalfbaerni.is/loftslagskvidi/>
- Landvernd. (e.d.-b). *Loftslagskvíði – Lærum um loftslagsmálin og tæklum kvíðann*.  
<https://landvernd.is/loftslagskvidi-laerum-um-loftslagsmalin-og-taeklum-kvidann/>
- Lög um leikskóla nr. 48/1991.
- Lög um leikskóla nr. 78/1994.
- Lög um leikskóla nr. 90/2008.
- MacBlain, S. (2018). *Learning Theories for early Childhood Practice*. Sage Publications Ltd.

- Maynard, T. og Waters, J. (2007). *Learning in the outdoor environment: a missed opportunity?* *Early Years*, 27(3), 255–265.  
<https://www.tandfonline.com/doi/pdf/10.1080/09575140701594400?needAccess=tr%20ue>
- Mcleod, S. (2024, 24. janúar-a). *Vygotsky's Theory Of Cognitive Development*. Simple Psychology. <https://www.simplypsychology.org/vygotsky.html>
- Mcleod, S. (2024, 24. janúar-b). *Piaget's Theory And Stages Of Cognitive Development*. Simply Psychology. <https://www.simplypsychology.org/piaget.html>
- Menntamálastofnun. (e.d.-a). *Aðalnámskrá leikskóla: Kafli 7 – Leikur og nám barna*.  
<https://adalnamskra.is/adalnamskra-leikskola/Kafli%207%20-%20Leikur%20og%20nám%20barna>
- Menntamálastofnun. (e.d.-b). *Aðalnámskrá leikskóla: Kafli 9 – Leikur í samþættu og skapandi leikskólustarfi*. <https://adalnamskra.is/adalnamskra-leikskola/Kafli%209%20-%20Leikur%20i%20samþættu%20og%20skapandi%20leikskolastarfi>
- Menntamálastofnun. (e.d.-c). *Aðalnámskrá leikskóla: Grunnþættir menntunar*.  
<https://adalnamskra.is/greinar/grunnthaettir>
- Newman, F. og Holzman, L. (1993). *Lev Vygotsky: revolutionary scientist*. Routledge.
- Ólafur Páll Jónsson. (2001, 20. ágúst). *Hvað merkja orðin sjálfbær þróun?* Vísindavefurinn.  
<https://www.visindavefur.is/svar.php?id=1840>
- Ólafur Páll Jónsson. (2010). Hugsun, reynsla og lýðræði og verki. Í Jóhanna Einarsdóttir og Ólafur Páll Jónsson (ritstjórar). *John Dewey í hugsun og verki. Menntun, reynsla og lýðræði*. (bls. 14–41). Rannung, Heimspekistofnun Háskóla Íslands, Háskólaútgáfan.
- Piaget, J. (1972). *Play, Dreams and Imitation in Childhood*. Routledge & Kegan Paul LTD.
- Reglugerð um dagvistarheimili fyrir börn nr. 149/1977.
- Reglugerð um starfsumhverfi leikskóla nr. 655/2009.
- Rieber, R. W. og Carton, A. S. (ritstjórar). (1987). *The Collected Works of L. S. Vygotsky: Volume 1, Problems of General Psychology. Including the Volume Thinking and Speech*. Plenum Press.
- Sara M. Ólafsdóttir og Jóhanna Einarsdóttir. (2017). „Peir vilja ekki leika, bara tala saman” - Sýn barna á hlutverk fullorðinna í leik. *Netla – Veftímarit um uppeldi og menntun*.  
[https://netla.hi.is/serrit/2017/innsyn\\_leikskolastarf/002.pdf](https://netla.hi.is/serrit/2017/innsyn_leikskolastarf/002.pdf)
- Sara Margrét Ólafsdóttir og Svava Björg Mörk. (2024). *Handbók um leik barna í leikskólum*. Menntamálastofnun. [https://vefir.mms.is/flettibaekur/handbok\\_um\\_leikinn/](https://vefir.mms.is/flettibaekur/handbok_um_leikinn/)

- UNESCO. (e.d.). *Education transforms lives*. <https://www.unesco.org/en/education>
- Valborg Sigurðardóttir. (1991). *Leikur og leikuppeldi*. Menntamálaráðuneytið.
- Valborg Sigurðardóttir. (1992). Leikurinn - sjálfstjåning og sjálfsnám. Í Hrafnhildur Sigurðardóttir, Selma Dóra Þorsteinsdóttir og Svandís Skúladóttir (ritstjórar), *Leikur og leikgleði. Afmælisrit helgað Valborgu Sigurðardóttur*. Fóstrufélag Íslands.
- Valborg Sigurðardóttir. (1998). *Fósturskóli Íslands: Afmælisrit í tilefni af 50 ára afmæli skólans 1996*. Gott mál.
- Wood, E. (2013). *Play, Learning and the Early Childhood Curriculum*. SAGE Publications.
- Yıldırım, G. og Akamca, G. Ö. (2017). The effect of outdoor learning activities on the development of preschool children. *South African Journal of Education*, 37(2), 1–10. <http://www.sajournalofeducation.co.za/index.php/saje/article/view/1378/705>

# Viðaukar

## Viðauki 1

Spurningalisti fyrir viðtöl um grunnþætti menntunar í leikskóla

### Bakgrunnspurningar

Hvað ertu búin að starfa lengi sem deildarstjóri?

Hver er aldur barna á deildinni þinni?

Hver er fjöldi starfsmanna á deildinni þinni?

Hverjar eru áherslur skólans?

### Spurningar kennara (AEH og SBM): Fagvitund/fagmennska kennara

1. Hvað í daglegu starfi leikskóla er faglegt starf?

a. og af hverju eru þessi atriði fagleg?

2. Hvað er ekki faglegt starf?

a. og af hverju eru þessi atriði ekki fagleg?

3. Hvert er hlutverk deildarstjóra sem faglegur leiðtogi (gagnvart fólkinu á deildinni)?

a. Hvar í starfinu (og gagnvart samstarfsfólki) er deildarstjórinn faglegur leiðtogi?,

b. Hvernig birtist hlutverk deildarstjóra sem faglegs leiðtoga í starfi og stjórnun?

c. (ef spyrjandi tekur eftir að deildarstjóri leggur mikla áherslu á ákveðna þætti er spurt um:

Hvers vegna er þetta mikilvægt?)

### Grunnþátturinn

4. Hvernig er unnið með grunnþætti aðalnámskrár í skólanum þínum?

a. (læsi, sköpun, jafnrétti, lýðræði og mannréttindi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð)

5. Hvernig er unnið með grunnþáttinn [sjálfbærni] á deildinni þinni?

a. Hvar má sjá grunnþáttinn [sjálfbærni] í dagskipulagi og áætlunum?

b. Á hvaða þætti í grunnþættinum [sjálfbærni] er lögð sérstök áhersla?

6. Mundir þú vilja leggja meiri áherslu á þennan þátt? Hvernig? Hvar? Af hverju?

7. Hvernig tengi þú grunnþáttinn [sjálfbærni] við sjálfsprottin leik í starfinu?

8. Hvaða þekkingu, færni eða stuðning vildir þú fá til að sinna grunnþættinum [sjálfbærni] betur?

9. Eitthvað að lokum?

Þakkir fyrir þátttökuna

Látið viðkomandi vita að viðtal verður afritað í ritvinnslu og upptöku eytt að því loknu. Nöfn viðkomandi koma hvergi fram og ekki verður hægt að rekja niðurstöður til skóla.

## Viðauki 2

### Rannsókn um grunnþætti menntunar í leikskóla

#### Upplýst samþykki

Ég geri mér grein fyrir að viðtalið er hluti af B.Ed. verkefni spyrils og niðurstöður verða birtar í lokaverkefni nema. Þar verður fléttað saman gögnum úr fjórum viðtölum og fyllsta trúnaðar gætt.

Viðtalið er einnig hluti af stærri rannsókn við Háskólann á Akureyri um grunnþætti menntunar í leikskóla. Þar verða dregnar saman niðurstöður úr fleiri viðtölum um sama efni og nafnleyndar gætt í hvívetna.

Leiðbeinendur nema eru Anna Elísa Hreiðarsdóttir ([annaelisa@unak.is](mailto:annaelisa@unak.is)) og Svava Björg Mörk ([mork@unak.is](mailto:mork@unak.is)) og má beina spurningum til þeirra.

---

dagsetning

---

Nafn og kt.